

Viðhorf ferðamanna og ferðaþjónustuaðila til virkjana í Skjálfandafljóti í 3. áfanga rammaáætlunar



Anna Dóra Sæþórsdóttir
Anna Mjöll Guðmundsdóttir
Þorkell Stefánsson

Apríl 2016

© Anna Dóra Sæpórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson.

Útgefandi: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

Forsíðumynd er af Aldeyjarfossi í Skjálfandafljóti. Ljósmynd: Þorsteinn Sæmundsson.

Prentun: Háskólaprent ehf.

ISBN: 978-9935-9316-2-7

Efnisyfirlit

Myndaskrá	ii
Töfluskrá.....	iii
Formáli.....	iv
1 Inngangur	1
2 Gögn og aðferðir.....	2
2.1 Spurningalistakönnun.....	2
2.2 Viðtalskönnun	3
2.3 Lýsing virkjana	6
3 Viðhorf ferðamanna	9
3.1 Einkenni svarenda	9
3.2 Upplifun ferðamanna.....	12
3.3 Viðhorfskvarðinn	13
3.4 Aðdráttarafl svæðisins að mati ferðamanna.....	14
3.5 Viðhorf ferðamanna til víðerna	15
3.6 Viðhorf ferðamanna til mannvirkja	17
3.7 Viðhorf ferðamanna til virkjana og meðfylgjandi mannvirkja.....	18
3.8 Viðhorf ferðamanna til Hrafnabjargavirkjana A, B og C og Fljótshnjúksvirkjunar	20
4 Viðhorf ferðaþjónustunnar.....	22
4.1 Aðdráttarafl svæðisins að mati ferðaþjónustunnar	22
4.2 Viðhorf ferðaþjónustunnar til innviða	25
4.3 Viðhorf ferðaþjónustunnar til Hrafnabjargavirkjana og Fljótshnjúksvirkjunar	27
4.4 Framtíðarmöguleikar svæðisins	31
5 Niðurstöður.....	33
6 Heimildir.....	34
Viðauki.....	35

Myndaskrá

1. mynd. Áhrif Hrafnabjargavirkjana (útfærslu A, B og C) á helstu fossa í Skjálfandafljóti og Svartá.	7
2. mynd. Fyrirhugaðar Hrafnabjargavirkjanir A, B og C og Fljótshnjúksvirkjun.....	8
3. mynd. Störf ferðamanna.	10
4. mynd. Gistisvæði svarenda nóttina fyrir og eftir komuna að Aldeyjarfossi.....	11
5. mynd. Fossar í Skjálfandafljóti sem ferðamenn segjast skoða.....	11
6. mynd. Ánægja með náttúru og ferðina um svæðið.	12
7. mynd. Mikilvægi svæðisins fyrir hvíld/endurnæringu og að komast frá daglegu amstri og áhyggjum.....	12
8. mynd. Upplifun ferðamanna við Aldeyjarfoss.....	13
9. mynd. Skipting ferðamanna við með hliðsjón af viðhorfskvarðanum (%).	13
10. mynd. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi aðriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið við Aldeyjarfoss?.....	14
11. mynd. Hvað heillar ferðamenn á svæðinu? (%).....	15
12. mynd. Ástæða fyrir komu fólks á svæðið (%).	15
13. mynd. Aðdráttarafl víðerna og upplifun ferðamanna á þeim.	16
14. mynd. Hvað má vera til staðar án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni?	16
15. mynd. Æskileg mannvirki á svæðinu.	17
16. mynd. Viðhorf til bættra vegi á svæðinu.....	18
17. mynd. Viðhorf til uppbyggingar virkjana og tengdra mannvirkja.....	19
18. mynd. Áhrif fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda vegna Hrafnabjargavirkjunar og Fljótshnjúksvirkjunar á áhuga til ferðalaga um svæðin.	20
19. mynd. Áhrif fyrirhugaðra virkjana í Skjálfandafljóti á áhuga ferðamanna á að ferðast um svæðið (%).	21

Töfluskrá

1. tafla. Viðmælendalisti við ferðapjónustuaðila.	4
2. tafla. Fjöldi, kyn, aldur, dvalarlengd og endurkoma.	9
3. tafla. Búsetuland (%).....	9
4. tafla. Ferðamáti (%).	9
5. tafla. Ferðafélagar (%).	10
6. tafla. Afþreying (%).....	10
7. tafla. Niðurstöður paraðra t-prófa milli virkjanahugmynda í Skjálfandafljóti.	20

Formáli

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður spurningakönnunar sem gerð var meðal ferðamanna við Skjálfandafljót og viðtalskönnunar við ferðaþjónustuaðila vegna fyrirhugaðra virkjana á svæðinu. Um er að ræða vatnsaflsvirkjanir á Hrafnabjarga- og Fljótshnjúkssvæðinu sem eru til umfjöllunar, ásamt öðrum virkjunarhugmyndum, í 3. áfanga rammaáætlunar (verndar- og orkunýtingaráætlun).

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eru færðar þakkir fyrir fjárstuðninginn og starfsmönnum þess, þá sér í lagi Herdís Helgu Schopka sérfræðingi hjá ráðuneytinu fyrir aðstoðina. Formanni verkefnisstjórnar Stefáni Gíslasyni sem og Skúla Skúlasyni formanni faghóps 1 er þakkaður stuðningurinn og skilningurinn á mikilvægi þess að safna þessum gögnum. Meðlimum faghóps 2 þeim Önnu G. Sverrisdóttur, Áka Guðna Karlssyni, Einari Torfa Finnssyni, Guðna Guðbergssyni, Sigrúnu Valbergsdóttur, Sigprúði Stelli Jóhannsdóttur, Sveini Runólfssyni og Sveini Sigurmundssyni er þökkuð samvinnan og góð ráð á öllum stigum verksins. Páli Jakob Líndal meðlimi í faghópi 3 er þakkað fyrir framlagið en hann bjó til tvær spurningar á spurningalistanum sem snúa að umhverfissálfræði.

Fjölmarginir hafa starfað við verkefnið og kann ég þeim öllum þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Anna Mjöll Guðmundsdóttir sá um innslátt á viðtölunum ásamt Birgittu Stefánsdóttur. Þorkell Stefánsson sá um tölfræðilega úrvinnslu og gerð mynda og taflna skýrslunnar og Ása Margrét Einarsdóttir gerði kortin. Guðmundur Björnsson tók viðtöl við ferðaþjónustuaðila og Silja Gunnarsdóttir dreifði spurningalistum til ferðamanna. Anna Mjöll, Þorkell og verkefnisstjóri skrifuðu skýrsluna. Ingibjörg Elsa Björnsdóttir las yfir handritið og veitti góð ráð varðandi málfar. Ferðamönnum sem svöruðu spurningalistunum er þakkað fyrir að fórna hluta af frítíma sínum í þágu vísindanna og ferðaþjónustuaðilum sem veittu viðtal er þakkað sömuleiðis.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

1 Inngangur

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður spurningakönnunar, sem gerð var sumarið 2015 og viðtalskönnunnar, sem gerð var veturinn 2016 vegna áhrifa fyrirhugaðra vatnsaflsvirkjana í Skjálfandafljóti í Þingeyjarsveit á ferðamennsku. Um er að ræða þrjár útfærslur af Hrafnabjargavirkjunum; A sem er 88,5 MW (R3110A) (Orkustofnun, 2015a), B 50 MW (R3110B) (Orkustofnun, 2015b) og C 36,5 MW (R3110C) (Orkustofnun, 2015c) og Fljótshnjúksvirkjun sem er 58 MW að afli (R3109A) (Orkustofnun, 2015d). Rannsóknin er unnin vegna verkefnis sem í daglegu tali kallast rammaáætlun sem leitast við að forgangsraða virkjunarmöguleikum landsins í orkunýtingar- eða verndarflokk. Fyrsti áfangi rammaáætlunar hófst árið 1999 og lauk árið 2003. Á árunum 2004–2010 var unnið að 2. áfanga hennar og er 3. áfangi unninn á árunum 2013–2017. Fjórir faghópar skipaðir sérfræðingum á hinum ýmsu sviðum leggja mat á áhrif virkjananna og leggur einn þeirra, þ.e. faghópur 2 mat á áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist. Með hliðsjón af upplýsingum um þær virkjunarhugmyndir sem til umfjöllunar eru í 3. áfanga rammaáætlunar voru rannsökuð áhrif þrettán virkjana á ferðamennsku og útivist þar með taldar fyrrnefndar vatnsaflsvirkjanir við Hrafnabjörg og Fljótshnjúk. Komin er út skýrsla sem greinir frá heildarniðurstöðum spurningakönnunar sem gerðar voru meðal ferðamanna á þessum stöðum (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2015). Í þessari skýrslu er greint sérstaklega frá niðurstöðum spurningakönnunar sem gerð var meðal ferðamanna á svæðinu við Skjálfandafljót sumarið 2015 en auk þess er greint frá niðurstöðum viðtalskönnunar sem gerð var meðal ferðaðþjónustuaðila á Norðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu veturinn 2016. Markmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif vatnsaflsvirkjananna í Skjálfandafljóti á ferðamennsku. Leitast er við að varpa ljósi á:

1. Hvert er aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðamenn, hvernig skynja þeir svæðið, hversu ánægðir þeir eru með heimsókn sína og hvaða afþreyingu stunda þeir.
2. Hvert er aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðaðþjónustuaðila, hvernig nýta þeir svæðið núna og hvernig sjá þeir fyrir sér að nýta það til framtíðar.
3. Hvaða mannvirki eru æskileg á svæðinu að mati ferðamanna og ferðaðþjónustuaðila.
4. Hvert er viðhorf ferðamanna og ferðaðþjónustunnar til hugmynda um vatnsaflsvirkjanir í Skjálfandafljóti.
5. Hvaða áhrif kæmu virkjanirnar til með að hafa á starfsemi ferðaðþjónustunnar á svæðinu.

2 Gögn og aðferðir

2.1 Spurningalistakönnun

Spurningalistinn samanstóð af 28 spurningum. Margar þeirra voru í nokkrum liðum (sjá viðauka). Flokka má efni spurninganna í eftirfarandi fimm flokka:

1. Almennar bakgrunnsspurningar um aldur, kyn, búsetu og fleira.
2. Spurningar er varða dvöl á svæðinu, t.d. upplifun, aðdráttarafl og ánægju.
3. Spurningar sem raða ferðamönnum á svokallaðan viðhorfskvarða (*e. Purist scale*) og greina þá í náttúrusinna, almenna ferðamenn og þjónustusinna (sjá nánar kafla 3.3).
4. Spurningar um viðhorf til innviða, bæði innviða sérstaklega ætlaða ferðamönnum sem og virkjana og mannvirkja þeim tengdum.
5. Spurningar sem varða viðhorf til virkjana almennt og til viðkomandi virkjunar.

Nokkrar spurningar voru opnar þar sem þátttakendur gátu svarað með sínum eigin orðum. Flestar spurningarnar voru hins vegar lokaðar fjölvalsspurningar þar sem notaður var svokallaður fimm stiga Likert-kvarði, t.d. 1 = mjög óánægð(ur), 2 = óánægð(ur), 3 = hlutlaus, 4 = ánægð(ur), 5 = mjög ánægð(ur). Úr þessu voru meðal annars reiknuð meðaltöl til að gera samanburð á milli hinna ýmsu þátta mögulegan.

Á spurningalistanum voru nokkrar spurningar sem innihéldu orðið svæði eins og t.d. hversu lengi dvelur þú á svæðinu og hvernig upplifir þú svæðið. Hugtakið *svæði* og sú misjafna merking sem ferðamenn leggja í það er vel þekkt vandamál í rannsóknum sem þessari (C.M. Hall og Page, 2014). Í þessari rannsókn á áhrifum vatnsaflsvirkjana í Skjálfandafljóti á ferðamennsku og útivist var ekki um að ræða lögformlega skilgreint svæði eins og t.d. friðlandsmörk eða mörk sveitarfélags. Einnig hafa mannvirki eins og vatnsaflsvirkjanir ekki bara áhrif á ferðamenn nákvæmlega á þeim punkti sem mannvirkin eru staðsett heldur teygja áhrifin sig víðar. Ferðamenn ferðast frá einum stað til annars og upplifa ferðalag sitt sem eina heild yfir misjafnlega stór svæði. Til að gera málið enn flóknara, þá getur upplifun ferðmanna á einum stað haft áhrif á upplifun þeirra af mun stærra svæði. Þá er þekking ferðamanna á umhverfinu mjög misjöfn sem hefur enn fremur áhrif á upplifun þeirra á náttúrunni (t.d. Castree, 2005; Demeritt, 2002). Gera má ráð fyrir því að ferðamenn sem eru í sinni fyrstu heimsókn á ákveðnu svæði viti minna um umhverfi þess svæðis, en þeir sem hafa komið þangað oft.

Með spurningalistunum fylgdi kort af viðkomandi rannsóknasvæði ásamt þeim mannvirkjum sem fylgja þeim fjórum virkjunarhugmyndum sem til skoðunar eru auk lýsinga á þeim (sjá viðauka og kafla 2.3). Á kortinu var auk þess sýnd Sprengisandsleið og gististaðir í nágrenninu þ.e.

Réttartorfa og Botn og syðst á kortinu var skálinn í Nýjadal. Afmörkun kortsins náði því norður fyrir Aldeyjarfoss, suður og vestur fyrir Nýjadal og austur fyrir Botn. Þrátt fyrir þessa afmörkun á „svæðinu“ þá er staðreyndin sú að sumt fólk á erfitt með að lesa kort, þekkir ekki staðhætti eða skoðar kortið ekki vel. Því er mjög líklegt að þegar ferðamenn svara spurningum með tilvísun í „svæðið“, að þá séu þeir ekki að vísa til þess svæðis sem kortið nær yfir sem fylgdi rannsókninni heldur sé hver og einn með sitt hugarkort og svari út frá því.

Með spurningalistanum fylgdi einnig ljósmyndaspyrpa af fossaröðinni í Skjálfandafljóti; Aldeyjarfossi, Hrafnabjargafossi, Ingvararfossi og Ullarfossi í Svartá (1. mynd) ásamt lýsingu á því hvernig hinar mismunandi útfærslur af Hrafnabjargavirkjunum hefði áhrif á þá.

Gagnasöfnunin stóð yfir 14.–20. ágúst 2015. Spyrrill var staðsettur á bílastæðinu við Aldeyjarfoss. Til þess að ná til sem flestra ferðamanna voru spurningalistarnir gerðir á fjórum tungumálum, þ.e. íslensku, frönsku, þýsku og ensku og voru allir sem náðist í beðnir um að svara spurningalistanum. Ferðamenn í skipulögðum hópferðum hafa oft knappan tíma til að svara vegna þess hveðvöl þeirra á staðnum er stutt. Til þess að fá viðhorf þeirra með í úrtakið voru leiðsögumenn beðnir um að taka með sér spurningalista í rútuna og hópferðamennirnir fengnir til að svara á leiðinni frá áfangastaðnum. Leiðsögumennirnir fengu frímerkt umslag hjá spyrlu og voru beðnir um að senda spurningalistana til baka með pósti. Fáir neituðu að svara, en í heildina fengust 338 útfylltir spurningalistar. Í þessari skýrslu er fyrst og fremst greint frá niðurstöðunum með lýsandi tölfræði og ekki víst að um tölfræðilegan marktækan mun sé að ræða þegar sagt er að eitthvað sé meira eða minna en annað.

2.2 Viðtalskönnun

Tekin voru 20 viðtöl við ferðaþjónustuaðila. Þeir voru valdir með markvissri úrtaksaðferð (e. purposive strategy sample) þar sem leitast var við að tala við þá sem hafa beinna hagsmuna að gæta á því svæði sem virkjanirnar gætu haft áhrif með því að vera með ferðir um svæðið eða reka gistingu í næsta nágrenni við umrætt virkjunarsvæði.

Siðferðislega réttlát vinnubrögð í rannsóknum eru mikilvæg. Í eigindlegum rannsóknum er lögð áhersla á að viðmælendur fái tækifæri á að tjá sig um viðkvæm málefni á óþvingaðan hátt. Samkvæmt Punch (2014) eiga öll samskipti rannsakenda og viðmælenda að miðast við að viðmælandi viti að viðkvæmar skoðanir, upplifanir og viðhorf hans séu bundin trúnaði. Trúnaðar er gætt af virðingu við viðmælenda og til að koma í veg fyrir að hann skaðist af því að segja skoðun sína óhindrað sem og til að forðast það að hann velji að dylja mikilvægar upplýsingar fyrir rannsóknina (Hammersley & Traianou, 2012: 121). Besta leiðin til að gæta trúnaðar er að viðmælendur njóti nafnleyndar (Punch, 2014). Við undirbúning viðtalshlutans var því ákveðið að

viðmælendur nyttu nafnleyndar en nafn fyrirtækis, félagasamtaka eða stofnunar sem þeir starfa fyrir kemur fram. Gerð er grein fyrir starfsemi fyrirtækis, félagasamtaka eða stofnunar almennt sem og í hvaða landshluta viðkomandi er staðsettur.

Af þeim viðmælendum sem rætt var við starfa fjórir í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, þ.e. í Þingeyjarsveit, þrír í Mývatnssveit, sex á Akureyri og sjö á höfuðborgarsvæðinu. Þrír viðmælendanna selja gistingu í nágrenni svæðisins en aðrir skipuleggja ýmis konar ferðir um svæðið. Sex þeirra eru með gönguferðir um svæðið, fimm eru með bíla og/eða jeppaferðir, þrír eru með hestaferðir og þrír eru með rútuferðir um svæðið. (1. tafla).

1. tafla. Viðmælendalisti við ferðaþjónustuaðila.

Stóratunga, gisting, Bárðardal	IceAk, jeppaferðir, Akureyri
Kiðagil, gisting, Bárðardal	Saga Travel, ferðaskipuleggjandi, hópferðir og jeppaferðir, Akureyri
Fosshóll-Goðafoss ehf, gisting, Þingeyjarsveit	Fjallasýn, hópferðir og sérferðir, Akureyri
Saltvík ehf, hestaferðir, Þingeyjarsveit	Ultima Thule, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Pólarhestar, hestaferðir, Mývatnssveit	Íshestar, hestaferðir, höfuðborgarsvæðið
Geo Travel, jeppaferðir, Mývatnssveit	Ísafold, jeppaferðir, höfuðborgarsvæðið
KIP Tours, jeppaferðir, Mývatnssveit	Íslenskir fjallaleiðsögumenn, gönguferðir, höfuðborgarsvæðið
Ferðafélag Akureyrar, gönguferðir, Akureyri	Guðmundur Jónsson, ferðaskrifstofa og hópferðabifreiðar, höfuðborgarsvæðið
SBA Norðurleið, hópferðabifreiðar, Akureyri	Trex, hópferðir og hópferðabifreiðar, höfuðborgarsvæðið
Nonni Travel, gönguferðir, Akureyri	Hálendisferðir, gönguferðir á hálendinu, höfuðborgarsvæðið

Nánari lýsing á viðmælendum:

- Að Stórutungu í Bárðardal er rekin gistipjónusta með tvo starfsmenn.
- Að Kiðagili í Bárðardal er rekin gisti- og veitingaþjónusta með tvo starfsmenn.
- Að Fosshóli við Goðafoss í Þingeyjarsveit er rekin gisting, veitingaþjónusta og tjaldstæði og þar starfa um 9 manns á sumrin.
- Fyrirtækið Saltvík er staðsett í Saltvík í Þingeyjarsveit og er þar rekin hestaleiga. Hjá fyrirtækinu starfa á bilinu 5-20 manns eftir árstíma. Boðið er upp á styttri og lengri hestaferðir um Sprengisand, Kjöl, um Mývatnssveit, Langanes, Melrakkaslétu og í kringum Vatnajökul. Í ferðum yfir Sprengisand er gist í Kiðagili og Bárðatungu og farið er að fossunum í Skjálfandafljóti.

- Pólarhestar er í Mývatnssveit og hefur þar verið rekin hestaleiga í þrjátíu ár. Þar starfa um tíu manns. Boðið er meðal annars upp á nokkra daga hestaferðir úr Mývatnssveit og inn á hálendið þar sem farið er um Bárðardal, í Suðurárhraun og suður fyrir Hrafnabjörg.
- Geo Travel er í Mývatnssveit og býður upp á jeppa- og hundasleðaferðir að Öskju og svæðið í kring. Einnig er boðið upp á dagsferðir að Dettifossi, Aldeyjarfossi og Hrafnabjargafossi en í þar ferðir fara um 100 ferðamenn á ári. Þá er oftast keyrt að Stórutungu yfir að Aldey og upp með Suðurá. Við Aldeyjarfoss er farið upp fyrir fossinn og keyrt yfir Skjálfandafljótið.
- KIP Tours er í Mývatnssveit og býður upp á jeppaferðir í Öskju, í Mývatnssveit, að Dettifossi, Aldeyjarfossi og Hrafnabjargafossi.
- Ferðafélag Akureyrar býður upp á ýmis konar dagsferðir á fyrirhuguð virkjunarsvæði. Einnig er farið einu sinni á ári í gönguferð um svokallaðan Öskjuveg sem hefst við Herðubreiðarlindir, þaðan í Öskju, í Dyngjufjalladal og endar við Svartárvot.
- SBA Norðurleið á Akureyri sérhæfir sig í fólksflutningum og er meðal annars með áætlunarakstur á sumrin víða um Norðausturland, auk þess að leigja bifreiðar og leiðsögumenn til annarra ferðaskipuleggjenda. Þeir fara meðal annars með hópa að Aldeyjarfossi og yfir Sprengisand.
- Nonni Travel er ferðaskrifstofa á Akureyri sem hefur verið starfrækt í 26 ár. Boðið er upp á ferðir meðal annars að Aldeyjarfossi, Hrafnabjargarfossi og að Laugafelli frá Akureyri.
- IceAk starfa frá Akureyri og sérhæfa sig í jeppaferðum og ferðum með ljósmyndara og eru Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss algengir viðkomustaðir í ferðum þeirra um Sprengisandsleið.
- Saga Travel starfa frá Akureyri síðan í árslok 2009. Fyrirtækið er ferðaskipuleggjandi og sérhæfir sig í pakkaferðum, dagsferðum með minni hópa auk skipulagðra ferða fyrir fólk á bílaleigubílum. Boðið er upp á skipulagða dagsferðir að Goðafossi, Aldeyjarfoss, Ullarfossi, Ingvararfossi, Hrafnabjargarfossi, Selfossi, Hafragilsfossi og Dettifossi. Fjallasýn starfar frá Akureyri og hjá þeim starfa 9 manns. Fyrirtækið býður fyrst og fremst upp á hópferðir og sérferðir með leiðsögn. Boðið er upp á dagsferðir að Aldeyjarfossi og ferðir yfir Sprengisand á sumrin. Ein af sérferðum þeirra er hringferð úr Mývatnssveit að Skjálfandafljóti við Réttartorfu og að Svartárvoti.
- Ultima Thule er á höfuðborgarsvæðinu og hjá þeim starfa um 40 manns. Þeir reka ferðaskrifstofu og sérhæfa sig í náttúruferðamennsku, fyrirtækjaferðum, gönguferðum og hjólaferðum.

- Íshestar er hestaleiga í Hafnarfirði. Þeir skipuleggja dagsferðir á höfuðborgarsvæðinu og 2-11 daga hálendisferðir meðal annars yfir Sprengisand.
- Ísafold er ferðaskrifstofa á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í hálendisferðum á breyttum jeppum meðal annars yfir Sprengisand og á svæðinu við Skjálfandafljót.
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn eru á höfuðborgarsvæðinu. Þeir starfa á afþreyingarsviði og á ferðaskrifstofusviði og hjá þeim starfa um 60 manns. Þeir sérhæfa sig í ævintýraferðum fyrir 14-16 manna hópa. Þeir fara með sína hópa yfir Sprengisand og ganga þá gjarnan á milli Hrafnabjargafoss og Aldeyjarfoss. Þeir bjóða einnig upp á lengri gönguferðir meðfram Skjálfandafljóti.
- Guðmundur Jónasson er ferðaskrifstofa og hópferðafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og hefur verið starfrækt í 85 ár. Hópar á þeirra vegum fara yfir Sprengisand með viðkomu að Aldeyjarfossi og stundum einnig Hrafnabjargafossi.
- TREX er hópferðafyrirtæki sem sérhæfir sig í útleigu á hópferðabifreiðum til ferðaskipuleggjenda og í skipulagi ferða fyrir þá. Hjá fyrirtækinu starfa um sjötíu manns. Fyrirtækið skipuleggur ferðir um Sprengisand þar sem Aldeyjarfoss er einn aðal viðkomustaðurinn.
- Hálendisferðir er ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í gönguferðum á hálendinu og hefur verið starfrækt síðan árið 2003. Fyrirtækið skipuleggur sex daga gönguferðir meðfram Skjálfandafljóti, frá Aldeyjarfossi og Hrafnabjargafossi og inn í Nýjadal.

Viðmælendur voru spurðir hvers konar starfsemi þeir stunda á áhrifasvæði fyrirhugaðra virkjana við Skjálfandafljót og á Sprengisandi, um aðdráttarafl svæðisins, viðhorf til uppbyggingar og breytinga á Sprengisandsleið auk viðhorfa til innviða almennt, viðhorf og áhrif Hrafnabjarga- og Fljótshnjúksvirkjana auk framtíðarmöguleika svæðisins fyrir ferðaþjónustuna.

2.3 Lýsing virkjana

Þrjár útgáfur eru af fyrirhugaðri vatnsaflsvirkjun í Skjálfandafljóti á svæðinu við Hrafnabjörg; 88,5MW (A) (Orkustofnun, 2015a), 50MW (B) (Orkustofnun, 2015b) eða 36,5MW (C) (Orkustofnun, 2015c). Í öllum kostum er gert ráð fyrir miðlunarlóni ofan við Hrafnabjörg og yrði stærð þess á bilinu 3 - 26,8 km² með vatnsborðssveiflu um 19 m auk 39 m hárrar og 1000 m langrar stíflu við Hrafnabjörg. Í kostum A og B yrði Suðurá einnig stífluð með 5 m hárri og 500 m langri stíflu og vatni veitt í lónið. Tenging við raforkukerfið yrði með 22-24 km langri háspennulínu norður að byggðalínu. Styrking vega er nauðsynleg ef af virkjununum yrði og leggja þyrfti nýjan veg austan lónsins við Hrafnabjörg þar sem núverandi vegur færi undir vatn. Þá yrði byggð brú yfir Suðurrárvéituskurð og vegur lagður meðfram skurðinum.


Virkjun í Skjálfandafljóti við Hrafnabjörg myndi hafa áhrif á Aldeyjarfoss, Hrafnabjargafoss, Ingvararfoss og Ullarfoss í Svartá. Áhrifin eru mismikil eftir því hvaða útfærsla yrði valin. Í kosti A minnkar vatnsmagn verulega í öllum fossunum fjórum. Í kosti B myndi vatnsmagn minnka verulega í öllum fossunum fyrir utan Aldeyjarfoss og í kosti C myndi vatnsmagn minnka verulega í Hrafnabjargafossi og Ingvararfossi en ekki í Aldeyjarfossi né Ullarfossi (1. mynd).

	Aldeyjarfoss	Hrafnabjargafoss	Ingvararfoss	Ullarfoss í Svartá
				
A (88,5 MW)	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn minnkar verulega.
B (50 MW)	Vatnsmagn helst óbreytt.	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn minnkar verulega.
C (36,5 MW)	Vatnsmagn helst óbreytt.	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn helst óbreytt. Ekki áhrif á veiði í Svartá

1. mynd. Áhrif Hrafnabjargavirkjana (útfærslu A, B og C) á helstu fossa í Skjálfandafljóti og Svartá.

Fljótshnjúksvirkjun er 58 MW (Orkustofnun, 2015d) að afli og felur í sér að stífla Skjálfandafljót á tveimur stöðum. Annars vegar við Fljótshaga en þar myndast Fljótshagalón (11,4 km²) og hins vegar við Syðra Fljótsgil eða Stóruflæðu, sunnan Fljótshnjúks. Við það myndast Stóruflæðalón sem um 6,8 km² en þaðan yrði vatni veitt neðanjarðar um göng fram á Syðrimúla að stöðvarhúsi með frárennsli út í Skjálfandafljót. Vatn yrði einnig tekið frá Öxnadalsá og Hrauná.

Margs konar mannvirki yrðu reist í tengslum við virkjanirnar s.s. stöðvarhús, stíflur, stíflugarðar, veituskurðir, frárennslisgöng og háspennulínur. Styrking vega er nauðsynleg ef af virkjununum yrði frá Sprengisandsleið að virkjunarmannvirkjum, auk brúar yfir Skjálfandafljót. Svarendum spurningalistanna var sýnt kortið á 2. mynd þegar þeir svöruðu listunum sem og viðmælendum í viðtölunum.



2. mynd. Fyrirhugaðar Hrafnabjargavirkjanir A, B og C og Fljótshnjúksvirkjun. Rauðir rómverskir stafir á kortinu vísa til texta sem fylgdi með spurningalistunum og lýsti viðkomandi virkjunarmannvirkjunum.

3 Viðhorf ferðamanna

3.1 Einkenni svarenda

Kynjaskipting svarenda er nokkuð jöfn, 45% konur og 55% karlar og meðalaldur er 41,7 ár. Dvalarlengd þeirra sem sögðust gista á svæðinu er að meðaltali 2,4 nætur en dvalarlengd dagsgesta er að meðaltali 8,5 klukkustundir. Meðallengd gönguferða á svæðinu er 4,3 klukkustundir. Þessum tölum um dvalarlengd verður þó að taka með þeim fyrirvara sem nefndur er í kafla 2.1. Meirihluti svarenda, eða 81%, voru á leið um Sprengisand en 19% voru það ekki. Um 82% aðspurðra voru að koma á svæðið í fyrsta sinn, en 18% höfðu komið áður - að meðaltali 4,3 sinnum (2. tafla).

Um þriðjungur svarenda við Aldeyjafoss eru Þjóðverjar. Svisslendingar og Austurríkismenn eru 12% en Íslendingar eru 11% svarenda. Frakkar eru 10% og Hollendingar/Belgar eru 9% svarenda. Tékkar, Pólverjar og Slóvakar eru 6% svarenda ásamt íbúum Bandaríkjanna og Kanada. Spánverjar, Ítalir og Norðurlandabúar eru um 3% svarenda. Bretar eru 2% en önnur þjóðerni eru 4% (3. tafla).

Auk þjóðernis var spurt um ferðamáta, ferðafélaga og afþreyingu. Þessir liðir voru fjölvalsspurningar (hægt að merkja við fleiri en einn möguleika) og samanlagt hlutfall því yfir 100%. Flestir, eða 38%, eru á bílaleigubílum, þriðjungur svarenda ferðast með hópferðabíl og um 23% eru á eigin bílum. Gangandi eru 13%, þeir sem eru á mótorhjólum eða fjórhjólum eru 7% og 2% eru hjólandi (4. tafla).

2. tafla. Fjöldi, kyn, aldur, dvalarlengd og endurkoma.

Fjöldi spurningalista (N)	338
Konur (%)	45,0
Karlar (%)	55,0
Meðalaldur (ár)	41,7
Dvalarlengd næturgesta (nætur)	2,4
Dvalarlengd dagsgesta (klst.)	8,5
Lengd gönguferða (klst.)	4,3
Á leið um Sprengisand (%)	81,1
Ekki á leið um Spr.sand (%)	18,9
Ekki komið áður (%)	81,9
Komið áður (%)	18,1
Komið oft (meðaltal)	4,3

3. tafla. Búsetuland (%).

Þýskaland	33,3
Sviss/Austurríki	11,7
Ísland	11,4
Frakkland	10,2
Holland/Belgía	9,0
Tékkland/Pólland/Slóvakía	5,9
USA/Kanada	5,6
Spánn/Ítalía	3,4
Norðurlönd	3,1
Bretland	2,2
Aðrir	4,3

4. tafla. Ferðamáti (%).

Bílaleigubíll	37,7
Hópferðabíll	33,3
Eigin bíll	22,5
Gangandi	12,7
Mótorhjól/fjórhjól	7,1
Hjólandi	2,2
Ríðandi	0,3

Algengast er að svarendur séu á ferð með ættingjum eða vinum, eða 37%. Tæpur þriðjungur eru á ferð með fjölskyldu sinni og 31% svarenda eru í skipulagðri hópferð. Nokkuð er um að ferðamenn séu einir á ferð, eða 5% svarenda og 2,5% ferðast með vinnu- og/eða klúbbfélögum (5. tafla).

5. tafla. Ferðafélagar (%).


Ættingjar/ vinir	37,2
Fjölskyldan	32,2
Skipulögð hópferð	31,3
Einn á ferð	5,0
Vinnu-/klúbbfélagar	2,5

Flestir, eða 75% svarenda, koma á svæðið til þess að stunda gönguferðir og álíka margir skoða þar jarðfræðifyrirkæri. Ökuferðir á svæðinu eru stundaðar af 57% svarenda og 48% segjast ætla að baða sig í heitri laug. Um 40% ætla að skoða plöntur og 21% svarenda stunda fuglaskoðun. Hestaferðir stunda 7% og flúðasiglingar 3%. Um 2% svarenda stunda veiðar á svæðinu (6. tafla).

6. tafla. Afþreying (%).

Gönguferð	74,8
Skoða jarðfræðifyrirkæri	73,8
Ökuferð	57,3
Bað í heitri laug	48,0
Plöntuskoðun	40,2
Fuglaskoðun	20,9
Hestbak	6,9
Flúðasiglingar	3,1
Veiðar	1,9

Flestir þeirra sem heimsóttu svæðið, eða 37%, starfa sem sérfræðingar (læknar, lögfræðingar, kennarar, o.s.frv.). Um 14% eru nemendur, 12% eru í stjórnunarstörfum, um 11% eru í skrifstofu- og þjónustustörfum, 8% eru í sérhæfðum tækni- og iðnaðarstörfum og eftirlaunaþegar eru 6% svarenda, en um 10% eru í öðrum störfum en tilgreind voru á spurningalistanum (3. mynd).




3. mynd. Störf ferðamanna.

Flestir (30%) gistu á Akureyri eða í Eyjafirði nóttina áður en þeir heimsóttu Aldeyjarfoss en einnig var algengt að ferðamenn gistu við Mývatn (19%) og í Þingeyjarsveit (18%). Færri eða 7% gistu á Húsavík, 6% í Landmannalaugum og í Hrauneyjum, 5% á Suðurlandi, 3% í Nýjadal og í Laugafelli og um 2% á Norðurlandi-Vestra.


Þrír staðir stóðu upp úr sem algengasti gististaður ferðamanna nóttina eftir heimsókn að Aldeyjarfossi, en það voru Mývatn (19%), Hrauneyjar (18%) og Akureyri/Eyjafjörður (17%). Um

10% áætluðu að gista í Nýadal, 8% á Suðurlandi, 7% í Landmannalaugum og 6% í Þingeyjarsveit (4. mynd).



4. mynd. Gistisvæði svarenda nóttina fyrir og eftir komuna að Aldeyjarfossi.


Kannað var hvaða fossa í Skjálfandafljóti ferðamenn ætluðu að skoða á svæðinu. Þar sem spyrill var staðsettur við Aldeyjarfoss merktu nær allir, eða 98% gesta, við að þeir ætluðu að Aldeyjarfossi. Jafnframt ætla 42% að skoða Hrafnabjargafoss, 36% Ingvararfoss og 23% ætla skoða Ullarfoss. Þessum niðurstöðum ber að taka með ákveðnum fyrirvara í ljósi þess að straumur ferðamanna að Hrafnabjargafossi, Ingvararfossi og Ullarfossi er alls ekki jafn mikill og þessar tölur gefa til kynna. Innan við 1% segist ekki vera kominn til að skoða fossa (5. mynd).



5. mynd. Fossar í Skjálfandafljóti sem ferðamenn segjast skoða.


3.2 Upplifun ferðamanna

Mikill meirihluti, eða 92% svarenda við Aldeyjarfoss, eru ánægð með náttúru svæðisins, innan við 1% er hlutlaus og tæplega 8% segjast óánægð. Einnig er meirihluti (91%) svarenda ánægð með ferð sína um svæðið, um 1% er hlutlaus og 7% eru óánægð með ferðir sínar (6. mynd).



6. mynd. Ánægja með náttúru og ferðina um svæðið.

Ferðamenn voru spurðir hversu sammála/ósammála þeir væru fullyrðingunum „Ég kem á stað eins og þennan til þess að geta hvílt mig og endurnært“ og „ég kem á staði eins og þennan til þess að komast í burtu frá daglegu amstri og leggja áhyggjurnar til hliðar“. Alls eru 86% sammála fyrri fullyrðingunni, 8% hlutlausir og 6% ósammála. Seinni fullyrðingunni eru 80% sammála, 13% hlutlaus og 7% eru ósammála henni (7. mynd).




7. mynd. Mikilvægi svæðisins fyrir hvíld/endurnæringu og að komast frá daglegu amstri og áhyggjum.

Viðmælendur voru einnig beðnir um að lýsa upplifun sinni á eiginleikum svæðisins með því að meta eftirfarandi þætti á 5 stiga kvarða:

- Manngert ↔ náttúrulegt þar sem 1 = mjög manngert og 5 = mjög náttúrulegt,
- Ljótt ↔ fallett þar sem 1 = mjög ljótt og 5 = mjög fallett,
- Áhrifalítið ↔ áhrifamikið þar sem 1 = mjög áhrifalítið og 5 = mjög áhrifamikið,
- Hávært ↔ kyrrt þar sem 1 = mjög hávært og 5 = mjög kyrrt,
- Afskekkt ↔ aðgengilegt þar sem 1 = mjög afskekkt og 5 = mjög aðgengilegt.

Nánast allir eða 98-99% upplifa svæðið sem náttúrulegt, falleg og áhrifamikið og 93% upplifa það sem kyrrt. Skiptar skoðanir eru á því hvort svæðið þykir aðgengilegt, en 69% finnst það aðgengilegt, 14% finnst svæðið hvorki aðgengilegt né afskekkt og 17% finnst það afskekkt (8. mynd).




8. mynd. Upplifun ferðamanna við Aldeyjarfoss.

3.3 Viðhorfskvarðinn

Viðhorfskvarðinn (*e. purist scale*) er mælitæki sem hefur verið þróað til að greina ferðamenn í hópa út frá viðhorfum þeirra til umhverfis og eiginleika ferðamannastaða. Þar eru ferðamenn greindir í eindregna náttúrusinna (*e. strong purists*), náttúrusinna (*e. purist*), almenna ferðamenn (*e. neutralists*) og þjónustusinna (*e. urbanists*) (sjá t.d. Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2007 og Stankey, 1973). Ein spurning spurningalistans var sérstaklega ætluð til að greina svarendur í fyrrnefnda hópa. Spurt var „*Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði á ferðalagi þínu um svæðið?*“ og voru talin upp fimmtán atriði er varða náttúruupplifun, mannleg ummerki, mannvirki og mannfjölda.


Um 56% svarenda reyndust vera almennir ferðamenn og 9% eru þjónustusinnar. Náttúrusinnar eru næst stærsti hópurinn en 31% tilheyrir honum og eindregnir náttúrusinnar eru 4% (9. mynd).



9. mynd. Skipting ferðamanna við með hliðsjón af viðhorfskvarðanum (%).

Þegar allir 15 liðir viðhorfskvarðaspurningarinnar eru bornir saman, kemur í ljós að það sem svarendum finnst mikilvægast á ferð sinni um svæðið er að náttúran sé öröskuð og að þeir upplifi þar kyrrð og ró. Af þeim atriðum sem nefnd voru telja þeir síst mikilvægt að hafa áningastaði (bekki og borð) þegar þeir ferðast um svæðið (10. mynd).


Mjög margir, eða 95-97% svarenda, telja mikilvægt að upplifa óraskaða náttúru, kyrrð og ró á ferð sinni um svæðið. Að ganga án þess að sjá mannvirki er mikilvægt fyrir 79% svarenda og að sjá ekki ummerki um utanvegaakstur er mikilvægt fyrir 77%. Um 72% finnst mikilvægt að verða ekki fyrir ónæði af flugumferð og merktar gönguleiðir eru mikilvægar fyrir 72% svarenda. Um 70% svarenda finnst mikilvægt að skoðunarverðir staðir séu merktir, 55% finnst mikilvægt að sjá ekki ummerki eftir aðra ferðamenn og 52% finnst mikilvægt að hafa fáa aðra ferðamenn á svæðinu. Um 46% svarenda finnst skipulögð tjaldsvæði mikilvæg, 40% finnst mikilvægt að hafa göngubrýr á svæðinu og að tjalda án þess að vera við aðra er mikilvægt fyrir 32% svarenda. Lagðir göngustígar eru mikilvægir fyrir 34% svarenda en ívöld fleiri töldu þá ekki mikilvæga. Að mega tjalda hvar sem er á svæðinu er mikilvægt fyrir 30% svarenda en 39% telja það ekki mikilvægt. Áningastaðir eru það sem síst þótti mikilvægt. Rúmlega helmingur telur þá ekki mikilvæga og 17% finnst þeir mikilvægir.



10. mynd. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi aðriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið við Aldeyjarfoss?

3.4 Aðdráttarafli svæðisins að mati ferðamanna


Viðmælendur voru spurðir opinnar spurningar um hvað heillar þá við svæðið. Svör við þessari spurningu voru margvísleg, en eftir kóðun komu fram átta flokkar sem endurspeglu algengustu svörin. Svör margra gesta féllu undir fleiri en einn flokk og er því samanlagt hlutfall herra en 100%. Það sem heillar flesta eða 38% aðspurðra er náttúra, landslag eða umhverfi svæðisins. Ósnortin náttúra heillar 31% aðspurðra, jarðfræði 25% og einstök náttúrufyrirbrigði heilla 22% aðspurðra. Kyrrð og fegurð heilla 15% svarenda, Aldeyjarfoss heillar 7% og útsýni heilla 6% svarenda (11. mynd).



11. mynd. Hvað heillar ferðamenn á svæðinu? (%).

Gestir voru jafnframt spurðir opinnar spurningar um hvort þeir hefðu komið á svæðið til að sjá eða gera eitthvað öðru fremur. Svörin við þessari spurningu voru einnig kóðuð og skiptust algengustu svörin í níu flokka, en sum svör fóru í fleiri en einn flokk.

Flestir, eða 37%, koma til að sjá fossa á svæðinu¹. Þá tilgreina 30% svarenda að þeir hafi komið til þess að sjá Aldeyjarfoss. Um 16% komu vegna náttúru svæðisins, 8% til að skoða jarðfræðifyrirkæri og 7% komu til að sjá hálendið. Um 4% komu vegna Sprengisands, 3% til að stunda hreyfingu og jafn hátt hlutfall vegna Mývatnssveitar. Um 3% komu til þess að gera og sjá „allt“ (12. mynd).




12. mynd. Ástæða fyrir komu fólks á svæðið (%).

3.5 Viðhorf ferðamanna til víðerna

Langflestir, eða 99%, telja að víðerni/ósnortin náttúra séu hluti af aðdráttarafli svæðisins við Skjálfandafljót og 97% segjast koma þangað til að upplifa slík svæði. Viðmælendur voru jafnframt spurðir hvort þeir teldu nálæg mannvirki, sem þeir vita af en sjá ekki, hafa áhrif á upplifun þeirra á víðernum/ósnortinni náttúru. Um 28% telja að mannvirki sem þeir ekki sjá myndu hafa mikil áhrif


¹ Í þennan flokk fóru svör þar sem talað var um „fossinn“ eða „fossana“ án þess að þeir væru nafngreindir. Auk þess féllu í þennan flokk þau svör þar sem Goðafoss, Hrafnabjargafoss eða Ingvararfoss voru nafngreindir, en það var ekki gert nógu oft til þess að hver þessara fossa gæti flokkast sér.

á upplifun þeirra, 27% að þau hefðu einhver áhrif, 30% segir að þau hefðu lítil áhrif og 16% viðmælenda að þau myndu ekki hafa nein áhrif á upplifun sína (13. mynd).



13. mynd. Aðdráttarafl víðerna og upplifun ferðamanna á þeim.

Jafnframt var spurt um hvað mætti vera til staðar af mannlegum ummerkjum án þess að hugtakið víðerni og/eða ósnortin náttúra glataði merkingu sinni. Hægt var að merkja við fleira en eitt atriði. Um 19% eru þeirrar skoðunar að engin mannleg ummerki megi vera til staðar. Fjallaskálar, stígar eftir göngumenn eða sauðfé, vegslóðar og lagðir göngustígar eru síst taldir vera þess valdandi að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni: Hlutfall þeirra sem telja fjallaskála og stíga eftir göngumenn eða sauðfé mega vera til staðar er 66%, um 46% segja vegslóða vera í lagi og 43% segja lagða göngustíga mega vera til staðar í víðerni. Um 25% telur girðingar geta verið á svæðinu án þess að spilla víðernishugtakinu, en öllu færri (17%) segja vegi geta verið í víðernum. Miðlunarlón og gestastofur gætu að mati 10% verið til staðar en virkjanir, hótél, rafmagnslínur, vindmyllur og fjarskiptamöstur (3-6%) eru þau ummerki sem að mati svarenda geta síst verið til staðar á þess að spilla víðernum/ósnortinni náttúru (14. mynd).




14. mynd. Hvað má vera til staðar án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni?

3.6 Viðhorf ferðamanna til mannvirkja

Viðhorf til hvers kyns mannvirkja var á heildina litið frekar neikvætt. Flest þau mannvirki sem voru nefnd þykja frekar óæskileg (meðaltöl á bilinu 1,8 – 2,8) en nokkrar gerðir mannvirkja þóttu æskileg (meðaltöl á bilinu 3,4-3,9) á svæðinu í við Skjálfandafliót.


Fjallaskálar eru þau mannvirki sem þykja æskilegust á svæðinu, en 73% finnst þeir æskilegir. Óuppbyggðir malarvegir, salerni og tjaldstæði þykja einnig æskileg af 54-63% svarenda. Uppbyggðir malarvegir þykja ásættanleg, en 48% finnst þeir æskilegir og 33% ásættanlegir en 20% óæskilegir. Ívið fleirum finnst akbrýr á vatnsföll óæskileg fremur en æskileg, en 42% finnst þær óæskilegar, 27% finnst þær ásættanlegar og 31% finnst þær æskilegar.

Önnur mannvirki hafa meðaltal undir 2,5 sem þýðir að á heildina litið þykja þau frekar óæskileg. Heilsársvegur og jarðvarmavirkjanir þykja óæskilegar að mati 51-53% svarenda. Bensínstöðvar, matsala, gestastofur og uppistöðulón þykja óæskileg að mati 55-57% en vindmyllur og fjarskiptamöstur að mati 61-62%. Slitlagðir vegir, vatnsaflsvirkjanir og verslanir/veitingastaðir eru óæskileg að mati 64-66% svarenda. Raflínur eru óæskilegar að mati 70% aðspurðra en þau mannvirki sem þykja síst æskileg að mati svarenda eru hótél (77%) (15. mynd).



15. mynd. Æskileg mannvirki á svæðinu.

Viðmælendur voru spurðir sérstaklega hvort þeim fyndist æskilegt að bæta vegi á svæðinu. Í ljós kom að slíkt þykir óæskilegt. Um 19% þykir æskilegt eða mjög æskilegt að bæta vegi og 31% eru hlutlausir. Um 28% telja það þó óæskilegt að bæta vegi á svæðinu og 23% segja það mjög óæskilegt (16. mynd).




16. mynd. Viðhorf til bættra vegi á svæðinu.

3.7 Viðhorf ferðamanna til virkjana og meðfylgjandi mannvirkja

Spurt var um almennt viðhorf til frekari uppbyggingar mismunandi tegunda orkuframleiðslu þ.e. vatnsaflsvirkjana, jarðvarmavirkjana og vindorku auk uppistöðulóna og raflína. Jafnframt var athugað hvort gerður væri greinarmunur á því hvort þessi mannvirki væru á hálendinu eða á láglendi.

Viðmælendur eru að jafnaði frekar neikvæðir gagnvart flestum tegundum orkuframleiðslu og mannvirkja sem spurt var um. Helst hafa aðspurðir neikvætt viðhorf til frekari uppbyggingu raflína á hálendinu, en 70% svarenda eru neikvæðir og 5% jákvæðir. Þá eru 65% neikvæðir gagnvart frekari uppbygging vatnsaflsvirkjana á hálendinu en 10% jákvæðir. Á bilinu 53-56% eru neikvæðir gagnvart vindmyllum og uppistöðulónum á hálendinu. Um 44% aðspurðra hafa neikvætt viðhorf til jarðvarmavirkjana á hálendinu.


Á bilinu 44-46% eru neikvæðir gagnvart frekari lagningu raflína, vatnsaflsvirkjunum og uppistöðulónum á láglendi., á bilinu 34-41% eru hlutlausir og 13-21% eru jákvæðir. Svarendur hafa hlutlausara viðhorf gagnvart vindmyllum og jarðvarmavirkjunum á láglendi. Á bilinu 26-37% eru neikvæðir, 32-40% eru hlutlausir og 30-31% eru neikvæðir gagnvart vindmyllum á láglendi og frekari uppbyggingu jarðvarmavirkjana á láglendi (17. mynd).



17. mynd. Viðhorf til uppbyggingar virkjana og tengdra mannvirkja.

3.8 Viðhorf ferðamanna til Hrafnabjargavirkjana A, B og C og Fljótshnjúksvirkjunar

Ferðamenn voru beðnir um að lýsa viðhorfum sínum á virkjanahugmyndum við Skjálfandafljót og áhrifum þeirra á áhuga þeirra á að ferðast um svæðið. Meirihluti viðmælenda, eða 81-85%, telur að Hrafnabjargavirkjun A, B og C myndi hafa neikvæð áhrif á áhuga sinn á að ferðast um svæðið en á bilinu 13-16% telja hana ekki hafa áhrif. Fljótshnjúksvirkjun hefði neikvæð áhrif á 78% svarenda en 20% telja hana ekki hafa áhrif. Raflínur hefðu neikvæð áhrif á 81% viðmælenda en 18% telja þær ekki hafa áhrif. Miðlunarlón hafa síður áhrif en 71-76% telja að þau hefðu neikvæð áhrif (18. mynd).



18. mynd. Áhrif fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda vegna Hrafnabjargavirkjunar og Fljótshnjúksvirkjunar á áhuga til ferðalaga um svæðin.


Tölfræðilega marktækur munur reyndist vera á viðhorfum ferðamanna í samanburði allra virkjanahugmynda í Skjálfandafljóti (7. tafla). Hrafnabjargavirkjun A dregur mest úr áhuga ferðamanna á að ferðast um svæðið og B meira en C útfærsla virkjunarinnar. Fljótshnjúksvirkjun dregur hins vegar minna úr áhuga ferðamanna á að ferðast um svæðið en Hrafnabjargavirkjanirnar.

7. tafla. Niðurstöður paraðra t-prófa milli virkjanahugmynda í Skjálfandafljóti.

	N	Meðaltal	Staðalfrávik	t	p
1 Hrafnabjargavirkjun A	277	1,57	0,82	-3,378	0,001
Hrafnabjargavirkjun B		1,65	0,85		
2 Hrafnabjargavirkjun A	275	1,57	0,82	-4,643	<0,001
Hrafnabjargavirkjun C		1,71	0,87		
3 Hrafnabjargavirkjun B	275	1,65	0,86	-3,479	0,001
Hrafnabjargavirkjun C		1,71	0,87		
4 Fljótshnjúksvirkjun	268	1,81	0,87	6,385	<0,001
Hrafnabjargavirkjun A		1,57	0,82		
5 Fljótshnjúksvirkjun	268	1,81	0,87	4,589	<0,001
Hrafnabjargavirkjun B		1,64	0,85		
6 Fljótshnjúksvirkjun	266	1,80	0,87	2,929	0,004
Hrafnabjargavirkjun C		1,70	0,86		

Viðmælendur voru spurðir opinnar spurningar þar sem þeir voru beðnir um að lýsa nánar áhrifum virkjunarinnar og tengdra mannvirkja á áhuga þeirra um að ferðast um svæðið. Svörin voru margvísleg en voru flokkuð í neðangreinda sjö flokka. Þeir sem telja að fyrirhugaðar virkjanahugmyndir myndu skemma eða spilla svæðinu eru 60% aðspurðra, 14% myndu ekki koma á svæðið og 9% segja að virkjunin hefði neikvæð eða slæm áhrif.

Um 12% telja að virkjun á svæðinu myndi ekki hafa áhrif, 3% telja virkjanir í lagi ef þær falli vel að landslagi og 1% telur áhugavert að skoða virkjanir. Þá taldi 1% af þeim sem svöruðu ekki hafa skoðun á þessu (19. mynd).



19. mynd. Áhrif fyrirhugaðra virkjana í Skjálfandafljóti á áhuga ferðamanna á að ferðast um svæðið (%).

4 Viðhorf ferðapjónustunnar

4.1 Aðdráttarafl svæðisins að mati ferðapjónustunnar

Af þeim 20 ferðapjónustuaðilum sem rætt var við kom fram að allir fyrir utan einn aðila þekkja svæðið, flestir mjög vel en aðrir minna. Að mati ferðapjónustuaðila er Aldeyjarfoss megin aðdráttarafl svæðisins en einnig Hrafnabjargafoss og fossaröðin í heild sinni sem og Skjálfandafljótið sjálft. Einnig skiptir máli nálægðin við hálendið og tenging þess við Sprengisandsleið sem ein að megin ferðaleiðum yfir hálendið.

Ferðapjónustuaðilar nýta svæðið á ýmsa vegu og fyrir ýmsar gerðir ferðamanna. Aldeyjarfoss er einn aðalviðkomustaðurinn hjá þeim sem eru í ferð um Sprengisandsleið og er ávallt stoppað við fossinn. Flestir sem eru með skipulagðar dagsferðir yfir Sprengisand gefa sér einungis tíma til að skoða Aldeyjarfoss en þeir sem hafa meiri tíma á svæðinu fara hins vegar gjarnan í nokkra klukkustunda gönguferðir meðfram Skjálfandafljóti þar sem fossasyrpan (Aldeyjarfoss, Hrafnabjargafoss og Ingvararfoss) er skoðuð. Ferðapjónustuaðilar á Norðurlandi skipuleggja ýmis konar dagsferðir um svæðið. Fyrir þá skipti Aldeyjarfoss mjög miklu máli þar sem hann gegnir því hlutverki að vera áfangastaður fremur en viðkomustaður í ferðum þeirra. Svæðið er mikið notað í jeppaferðum og í ýmiss konar sérferðum eins og t.d. fyrir ljósmyndara. Til viðbótar við þá ferðamenn sem koma á svæðið með vélknúnum ökutækjum þá eru einnig farnar hestaferðir um svæðið og tveir viðmælendanna skipuleggja nokkra daga gönguferðir þar sem gengið er niður eða upp með Skjálfandafljóti. Þessar ferðir eru farnar einu sinni til tvisvar á sumri með um 15 manns í hverri ferð en í hestaferðunum fara um 50 – 100 manns yfir sumarið um svæðið. Ferðaskipuleggjandi á Norðurlandi lýsir ferðamönnum á hans vegum. „*Markbópurinn okkar eru svona... aðeins betur borgandi gestir... við erum með small group guarantee, aldrei meira en 16 manns í bílnum og bærri standard í þjónustu fyrir fólk sem vill borga vel fyrir sveigjanleikann*“. Annar ferðapjónustuaðili á Norðurlandi sagði að sérferð á þeirra vegum um þetta svæði sé ein helsta söluvara fyrirtækisins á Norðurlandi á eftir dagsferð um Mývatnssveit.

...ferð sem heitir Great Icelandic Waterfalls þá erum við að skoða Goðafoss, Aldeyjarfoss, Ullarfoss, Ingvararfoss, Hrafnabjargarfossa, Selfoss, Hafragilsfoss og Dettifoss. Þetta er ferð sem við erum búnir að keyra núna í 5 ár og gengur mjög vel, en afbrigði af henni eru mjög vinsæl í privatferðum hjá okkur. Privatferðir eru, já hátt í einn þriðji af okkar brottförum, það er þegar við klæðskerasníðum ferðir bara fyrir gesti. Og þá erum við ekki að tala um neinn ákveðinn tíma ársins, þó hlutfallslega sé það meira á sumrin, en þá í rauninni erum við bara á þeim faratækjum sem þarf til.

Starfsmaður hjá Ferðafélagi Akureyrar lýsir reynslu sinni af svæðinu:

Ég hef komið þarna að kvöldi til í kvöldsól þar sem Aldeyjarfoss var baðaður og það er svona móment sem maður gleymir bara aldrei. Því þetta er alveg ótrúleg feegurð þarna og ekki bara Aldeyjarfoss, það eru fossarnir þarna ofan við, þó þeir séu ekki háir þá eru þetta, þetta er mjög fallegt svæði.

Ferðaskipuleggjandi á höfuðborgarsvæðinu sem er með gönguferðir um svæðið sagði: „Þessir fossar skipta gríðarlegu máli!.. fossar vekja alltaf... það virðist einhvern veginn vera alveg sama hvað maður fer að skoða mikið af fossum. Þannig að fossar skipta miklu máli í okkar landslagi og okkar ferðum“. Ferðaþjónustuaðili sem rekur gistingu og veitingasölu á Norðurlandi var á sömu skoðun: „fólki með fossadellu... það þræðir fossa... gista hérna fyrir framan fossinn og skoða svo alla fossana upp frá ... þetta eru endalausir fossar sko og á tiltölulega litlu eða stuttu svæði“. Viðmælandi sem starfar hjá rútufyrirtæki á Norðurlandi taldi Aldeyjarfoss mjög verðmætan fyrir ferðaþjónustuna fyrir norðan þar sem að fossar gera ferðir söluvænlegri: „í markaðssetningu virðist í öllum ferðum að þú þarft helst að koma að einum fossi svo að sko ferðin seljist... þannig að fossar eru rosalega dýrmatir í markaðssetningu“.

Ferðaskipuleggjandi á Norðurlandi sérhæfir sig í ferðum með ljósmyndara bendir á að það sé ekki bara Aldeyjarfoss sem sé einstakur heldur einnig stuðlabergið sem rammar hann inn:

Þessi stuðlaberg... það er ekki bara verið að mynda fossinn heldur er stuðlabergið alveg stórkostlegt í gljúfrunum. Og við þurfum að fara töluvert miklu lengra... til að sjá þetta álíka stuðlaberg. Þannig við erum að nálgast þarna hluti sem við höfum ekki mjög aðgengilega annars staðar hérna á Norðurlandinu.

Aðili sem skipuleggur jeppaferðir fyrir ljósmyndara á Norðurlandi sagði aðdráttarafl svæðisins mikið:

Núna keyrum við þó nokkuð af ljósmyndurum... inn að Skjálfandafljóti að þessum fossum sem þar eru og þykja einstakir. Einn heimspektur ljósmyndari sem við höfum verið með... sagði að þetta er í raun Kirkjufellið í dag sem er svona hvað þekktast en hann fullyrðir að Aldeyjarfoss verði næsta... og Hrafnabjargarfoss höfum við verið að kynna fyrir fólki undanfarin ár... hann er geysilega fjölbreyttur foss og fallegur og gönguleiðin með fossunum skemmtileg.

Ferðaskipuleggjandi og bílaleiguaðili á Norðurlandi rifjar upp mikilvægi ljósmyndarinnar fyrir ferðaþjónustuna á tímum samfélagsmiðla.

Aldeyjarfoss er... frægur foss fyrir þær sakir að þar var sett heimsmet þegar kayakræðari... fór fyrstur manna þarna niður og setti heimsmet í falli niður foss og þetta fór út um allan heim á internetinu og sýndar kvikmyndasýningar út um allt... þetta eru einmitt myndirnar sem eru að skila sér hvað víðast á netinu... það er kannski ekki þessi almenni ferðamaður sem fer þarna en það eru þessir sem sækja lengra og eru komnir til að mynda auðnina og upplifunina af því að vera á Íslandi... þeir sækja á þessa staði þar sem þeir geta verið einir, taka myndir og birta þær svo og það eru myndirnar sem fara í hvað mesta dreifingu. Þær sýna líka fjölbreytileika, ef við ættum bara einn foss eftir þá held ég að upplifun ferðamanna og atvinnugreinin ferðamennska myndi líða fyrir það.

Viðmælandi sem starfar hjá rútufyrirtæki á Norðurlandi telur að fossarnir í Skjálfandafljóti séu í raun eina aðdráttarafl svæðisins. Hann sagði: „þá er aðdráttaraflíð sem slíkt náttúrulega á þessu svæði hérna er ekkert sko eða mjög lítið. Þetta litla aðdráttarafl sem er Aldeyjarfoss og þessir fossar að það náttúrulega er kannski aðdráttaraflíð fer ef þeir verða eyðilagðir“.

Kyrrð, ró, óspillt náttúra og víðerni með engum mannvirkjum er einnig nefnt af flestum sem mikilvægur hluti af aðdráttaraflinu. Ferðaþjónustuaðili á Norðurlandi sem fer í jeppaferðir um svæðið sagði t.d.:

...ég stoppa yfirleitt alltaf þarna og svo inni í hérna... Kiðagilsdrögunum sko þar sem mosinn og snjórninn yfirleitt og vatnið og sandurinn, þetta eru svona skörp skil, litaskil og svo er þá hæð sem er beint hérna vestur af Sandbúðum og er eiginlega hæsti punktur Sprengisands og gífurlegt útsýni þaðan og þar sem sagt nýtur fólk ... kyrrðarinnar og ósnert náttúra, ekkert mannvirki að sjá og svona...

Ferðaskipuleggjandi á höfuðborgarsvæðinu sem er með gönguferðir á hálendinu við Skjálfandafljót sagði:

... hálendið er mjög mikilvægt. Og það er ekki bara mikilvægt til að fara með hópa inn á heldur líka ímyndarlega séð... öll þessi víðátta og jöklarnir... svörtu sandar og hraunið... þessi upplifun kannski... fólk er yfirleitt algjörlega blást af reynslunni sem það fær, það er ekkert hljóð, það sér enga aðra mannveru, það sér ekki neitt... þá fer það að taka eftir þessu litla sem er í landslaginu... allt þetta þínulitla sem enginn veitir eftirtekt af því við erum svo upptekinn af stóru myndinni... þetta er svo júník, þetta eru svo fá lönd í heiminum. Þetta er rosa sterkt.

Nokkrir viðmælendur nefna einnig Skjálfandafljótið og þá staðreynd að það er jökulá. Ferðapjónustuaðili á Norðurlandi skýrir mikilvægi þess: „*Þetta er Skjálfandafljótið, þetta er eitt af stóru fljótunum sem rennur til norðurs úr stærsta jökli Evrópu og Aldeyjarfoss er svona á hálendisbrúninni, kannski ekkert ósvipaður Dettifoss það eru náttúrulega þessi náttúrusmíði*“. Annar ferðapjónustuaðili á Norðurlandi sem er með jeppa- og hundasleðaferðir sagði: „*Það líka bara að keyra yfir jökulá, það er mikið upplifun sko*“.

Margir viðmælendur töldu enn fremur að hluti af aðdráttaraflí svæðisins sé fámenni en enn sem komið er fara tiltölulega fáir Sprengisandsleið. Aðili sem var með hestaferðir um svæðið sagði eftirfarandi um Sprengisandsleið:

... ein af þessum fáu leiðum sem enn eru eftir sem svona maður getur verið nokkuð viss um að rekast ekki á mjög mikið af öðrum ferðamönnum eða þá framkvæmda... einhverjum framkvæmdabug Íslendinga... þetta er eitt af þessum örfáu svæðum sem við eigum virkilega eftir þar sem maður getur verið heilan dag úti án þess að rekast á einhverja menn með.

Margir nefna þá sérstöðu sem svæðið hefur sem fáfarnir „*óuppgötvuð perla*“. Slík svæði eru mikils virði fyrir þá sem vilja vera fyrir utan alfaraleið og gegna þau mikilvægu hlutverki í því að landið geti höfðað til ólíkra markhópa og hægt sé að vera með fjölbreytileika í landkynningu. Gistihúsaeygandi á Norðurlandi bendir á: „*Þetta er ekkert algengt að menn geti komið að svona fallegum fossum sem eru allir alveg á heimsmælikvarða og að það er ekki allt troðið af fólki. Menn minnst á það hvað það er gott að vera bara út af fyrir sig nánast*“. Einnig er bent á að „*Þetta er svona perla sem ekki allir eru búnir að uppgötva svo þú getur búið eitthvað sérstakt*“. Ferðapjónustuaðili á Norðurlandi sem sérhæfir sig í hópferðum á breyttum jeppum finnst fámennið skipta miklu máli sem og sögulegt gildi Ódádahrauns og Kiðagils. Hann er með ferð sem hefst í Mývatnssveit, og farið er suður með Skjálfandafljóti austan til.

Við erum þá að fara að Aldeyjarfossi að austanverðu, það er fáfarnari leið og það er svona nánast hægt að lofa fólki að maður sér engan þann daginn. ...þegar þetta er bara stutt heimsókn þá er það að upplifa þetta mótíf á hálendisbrúninni... svona typical leiðsögn felst þá í þessu með hraunið, þetta er náttúrulega hluti af Ódádahrauni hvernig stuðlaberg verður til... þessi sköpun og svo náttúrulega notum við mikið sögur um útilegumenn í Ódádahrauni og eitthvað slíkt þannig að þegar það á við þá komum við við í Kiðagili til þess að kíkja á

útilegumannasýninguna... það hefur svona aðeins verið á þessum ferðum úr skipunum frá Akureyri og þá er þarna komið við... það kryddar þetta.

Ferðaskipuleggjandi á höfuðborgarsvæðinu sem er með nokkrar daga gönguferðir um hálendið sagði: „... gönguleiðin þarna meðfram Skjálfandafljóti er rosalega falleg... rútan setur þig úr á einum stað og tekur þig upp á öðrum stað...“. Annar ferðapjónustuaðili af höfuðborgarsvæðinu sérhæfir sig einnig í gönguferðum á hálendinu með litla hópa sagði:

Í mínum ferðum þá erum við að ganga yfirleitt óstikaðar leiðir... ég hef verið að ganga í Skjálfandafljóti, frá Aldeyjarfossi og alla leið inn í Nýjadal að austanverðu... hérna megin við sko við Réttartorfu og Hraunárdal. Við tökum þetta á viku ... þetta séu sex nætur og maður þarf að hafa trúss með.

Aðili með hestaferðir á Norðurlandi sagði frá því hvernig ferðir um Sprengisandsleið höfðu breyst í gegnum tíðina: „Í gamla daga þá var Sprengisandsleið mjög vinsæl reiðleið en hún er erfið, erfið bara fyrir bæði menn og hesta að riða þessa leið þannig að núna erum með hana sem sérferð“. Núna er þetta meira þannig að „við förum mikið upp Bárðardalinn og upp í Suðurárbraun og upp fyrir Hrafnabjörg og... og á þessi svæði hérna upp um...“ Annar aðili á Norðurlandi lýsir hestaferð á hans vegum á þessa leið:

Þessar ferðir okkar hérna í héraði þá erum við mikið að fara í Bárðardalinn og upp í Mývatnssveit, með áningu hérna við Kiðagilið við tjöldum gjarnan þar sko og þar ertu bara einn í heiminum sko... ha! Svo er það Ísólfsvatnið. Þessi leið liggur um gamla þjóðveginn og við erum bara allan daginn í endalausri náttúraskoðun. Þessir attraction staðir, þeir eru ekkert endilega í reiðleiðinni, svo að við höfum t.d. farið í Aldeyjarfoss bara um kvöld að skrepp á rúttinni. hann er samt sko einn af þessum highlights þegar við erum að selja túrana.

4.2 Viðhorf ferðapjónustunnar til innviða

Þegar ferðapjónustuaðilar voru spurðir um æskileg mannvirki á svæðinu við Skjálfandafljót kemur skýrt fram að aðdráttarafl svæðisins liggur í því hversu lítil uppbygging hefur átt sér þar stað. Ákveðnar úrbætur mætti hins vegar gera á svæðinu eins og t.d. mættu merkingar vera betri, sérstaklega við Hrafnabjargarfoss. Einnig var bent á að salernisaðstaða við Aldeyjarfoss mætti vera betri. „Það hefur oft verið vandamál með snyrtingu á Aldeyjarfoss. Það er miklu betra núna en sko. Það getur vel verið að það gæti verið betra“. Ferðapjónustuaðilar töldu enn fremur mikilvægt að uppbygging innviða fyrir ferðapjónustu sé gerð í sátt við ferðapjónustuna.

Í ljósi þess hvað innviðir á svæðinu eru frumstæðir og hversu fáir koma á svæðið hentar það sérstaklega vel fyrir ákveðnar sérferðir, þ.e. fyrir þá ferðamenn sem sækja í það einstaka, frumstæða og ósnortna. Einn viðmælandi sagði að á Íslandi væru einkum tvær tegundir af ferðamönnum:

Það er hópur... sem vill mannvirkjalausa, eyðimerkurfilingu. En svo er annað fólk sem finnst allt í lagi að hafa húsnæði og annað, bara vill hafa það fallegt þannig að það passi vel inn í umhverfið, hérna... Já og bara, kannski ekki alltaf upprunaleikann, þú ert alveg til í að fara í eitthvað tilbúið, en þú vilt hafa það þannig það passi við ímynd landsins, skilurðu?

Í ljósi þess að fámenni var almennt talið mikilvægur hluti af aðdráttarafli svæðisins höfðu margir áhyggjur af því að ef vegir um svæðið yrðu bættir myndi fjöldi ferðamanna aukast. Við það

myndi svæðið tapa sérstöðu sinni fyrir þá sem forðast fjölmenna ferðamannastaði eða eins og ferðapjónustuaðili á Norðurlandi lýsti því: „*ástæðan að við séum mikið með þetta í klæðskerasniðnum ferðum er að komast í burtu frá hinum almenna gesti...*“.

Flestir viðmælendur töldu að aðgengi að svæðinu sé hæfilegt eins og það er og henti vel þeirri ferðamennsku sem þar er stunduð. Þá sé erfitt aðgengi að margra mati kostur og á það sérstaklega við um ferðapjónustuaðila sem sérhæfa sig í jeppaferðum. Einn slíkur á höfuðborgarsvæðinu sagði: „*Á þessum svæðum er náttúrulega ágætis aðgengi, bæði slóðar... og jepparnir eru bara það öflugir í dag að þú hefur vetraraðgang ef þú vilt. Hann sagði jafnframt „við eigum ekki að gera vegina of góða. Fyrir mér geta lélegir vegir, það bara ákveða að vera með slóða og óbrúðar ár, það getur bara verið friðun í sjálfu sér“.* Ferðapjónustuaðili sem sérhæfir sig í náttúruskoðun á breyttum jeppum sagði: „*á súper jeppum... að keyra upp að Aldeyjarfoss og fara upp fyrir hann og keyra yfir ána. Að keyra yfir jökulá, það er mikil upplifun... fólki finnst það alveg bara svona vó, við erum sko á alvöru jeppa“.* Annar aðili með jeppaferðir á Norðurlandi taldi að uppbyggður vegur myndi eyðileggja viðskiptin hans:

Ef það fylgir því að það kemur þarna malbikaður vegur... þá eru fleiri að fara á eigin vegum. Það eru þá kannski fleiri ferðamenn að fara þangað í heildina, en kannski færri að kaupa sér dagsferðir. Það er kannski helsta ástæðan fyrir því að menn eru að kaupa sér ferðir upp að Aldeyjarfossi er sú að... þeir vita að þetta er s.s. malarvegur og þarna endar í raun þjóðvegur og við tekur F-hálendisvegur sko. Það eru bara hagsmunir þeirra sem eru með dagsferðir þangað á jeppum að... eru þeir að það sé ekki jafn auðvelt að komast þarna eins og er á svo marga staði.

Ferðapjónustuaðili sem sérhæfir sig í jeppaferðum taldi í lagi að lagfæra veginn eitthvað en að hann mætti alls ekki verða of góður:

Vissulega væri gott að hafa þar betri vegi, þetta eru samt alltaf hálendi og við verðum að passa okkur... ég sé enga ástæðu til að hafa þá malbikaða... ekki nokkra. Kjölur, Sprengisand eru alveg æskilegir vegir en helst alls ekki meiri uppbyggingu. Ekki meiri íburð, ekki bundið slitlag en svona betri vegi en við höfum.

Aðili með hópferðir á Norðurlandi lýsti hlutverki Sprengisandsleiðar: „*Sprengisandsleið er í eðli sínu ef við getum kallað það ferjuleið á milli landshluta þannig að ég sé í rauninni ekki nein vandamál þar, miklu frekar kannski bara tækifæri ef vegir yrðu bara aðeins lagaðir“.* Ýmsir voru á þeirri skoðun að það mætti vel bæta Sprengisandsleið eitthvað enda vegurinn lélegur, illa við haldið og að sumra mati hættulegur á köflum. „*Hún hefur kostnaðarauka í för með sér, bara bilanir og vesen að keyra þetta... og náttúrulega niðurgrafið og opnar seint á sumrin... að hann sé ekki niðurgrafinn og sem sagt klárlega með einhverskonar slitlagi“.*

Þeir sem voru meðmæltir uppbyggðum veg á Sprengisandsleið voru fyrst og fremst rútufyrirtækin og ferðaskrifstofur sem gera út á fjölmennari hópferðir. Aðili frá rútufyrirtæki á Norðurlandi komst svo að orði:

...ég vil ekkert fá sko 9 metra breiddann veg og rosalega upphækkaðan en ég vil fá upphækkaðan veg og slitlag á hann... þetta er alveg hræðilegt að sjá hvernig menn ganga um, um náttúruna sína... sem vilja hafa allt hálendið í ryki og ógeði og allt út sparkað skilurðu þú veist í staðinn fyrir að hafa bara einn veg svona huggulegt í landslaginu eins og hann er en bara aðeins upphækkaðan og með slitlagi. Ég vil ekki fá hraðbraut þarna yfir til að sinna allri

umferðinni en bara til að fá túrismann til að fljóta um landið þá er það algjörlega skilyrði að byggja veginn svona upp.

Aðili frá rútuferðafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu tók sömuleiðis vel í frekari uppbyggingu Sprengisandsleiðar og sá hana svona fyrir sér.

... malbikaður uppbyggður vegur alveg inn í fyrir Vatnsfell, svona komin lang leiðina inn að Þórisvatni sko og náttúrulega uppbyggður vegur alveg inn að Gíslaveitu... þetta er náttúrulega frá vegamótunum við Kvíslaveituvegi og niður að Mýri í Bárðardal eða þess vegna niður að Svartakoti... þetta er ekki nema... þetta eru svona 90 – 100 km... og fyrir þá sem hafa nú farið þarna og ferðast mikið um á veturna að þessi vegur eins og hann er uppbyggður þarna inn úr sko það er ekki verra að halda honum opnum heldur en Öxnadalshéðinni eða Holtavörðuhéðinni sko yfir veturinn bara ef hann er nógu vel byggður upp úr jörðinni sko. Það sem hefur gerst alls staðar þar sem að Landsvirkjun hefur farið um eða aðrar virkjanaframkvæmdir... þar hefur Landsvirkjun alltaf gengið mjög vel og snyrtilega frá eftir sig... og svo fylgja þessu oft sko góð samgöngumannvirki.

Ýmsir nefndu að virkjun ætti ekki að vera forsenda þess að fá Sprengisandsleið bætt. Gistihúsa eigandi á Norðurlandi sagði:

... ég meina virkjanir eiga ekki að vera forsenda þess að við fáum vegi það er bara þannig... þetta er bara grunnforsenda. Þetta er bara hitamál hjá okkur í mörg ár... það á ekki að þurfa eitthvað svona til þess að fá veg. Þessi rök að með virkjun þá fáum við veg, þetta er bara rugl sko. Þetta finnst manni bara já... það er bara talað niður til okkar sko með svona hlutum... Þannig að það er efst á óskalistanum það er að bæta veginum... en ekki með virkjun. Við eigum að fá það bara fyrir fólkið hérna og ferðamennina... og út af öryggi sko.

Aðili á Norðurlandi sem sérhæfir sig í jeppaferðum sagði að hvort sem kæmi til virkjunar eða ekki þá ætti að lagfæra Sprengisandsleið.

Svo er vegurinn algjörlega hræðilegur... það er bara ekki forsvaranlegt hvernig... veginnir eru og virkjun og ekki virkjun ætti í sjálfu sér ekki að skipta, það þarf að laga þessa vegi hvort heldur sem er. Sprengisandur er þjóðleið þarna yfir og það bara er mjög eðlilegt og það býr fólk þarna allt árið um kring og það er bara mjög eðlilegt að vegurinn sé þannig að það sé alltaf hægt að keyra. Og hann er það ekki alltaf... Fólk hefur líka verið að keyra út af, sjúkrabílar hafa ekki getað náð í fólk sem er bráðveikt út af því að vegurinn er svo slæmur að bíllinn getur ekki keyrt eftir veginum... virkjun er ekki forsenda þess að það verði uppbygging, það er pólitískur vilji.

4.3 Viðhorf ferðaþjónustunnar til Hrafnabjargavirkjana og Fljótshnjúksvirkjunar

Mikill meirihluti viðmælenda telur að virkjanirnar í Skjálfandafljóti myndu hafa slæm áhrif á starfsemi þeirra. Ferðaþjónustuaðili frá höfuðborgarsvæðinu sem er með rútuferðir um svæðið sagði t.d.:

Þetta er framkvæmd sem ég myndi segja að ef við erum með grænt og gult að þá myndi ég gefa rauða spjaldið...já bara ég er alveg logandi hræddur um það að það yrðu neikvæð áhrif á ferðamennsku og ásýnd landsins sko.

Aðili frá Akureyri sagði. „*bæði upp á ferðamannaiðnað og... landann og komandi kynslóðir þá finnst mér ef á að fara að virkja þarna hvílíkt skemmdarverk að það eiginlega bara tekur ekki tíðum*“. Ferðaþjónustuaðili frá höfuðborgarsvæðinu sem er með gönguferðir um svæðið sagði: „*Ég bara trú*

því ekki að þetta verði... það er ofboðslega fallett hvernig fljótið svona breiðir úr sér, þetta bæði leynir svo á sér... að eyðileggja tilvonandi frábært útivistarsvæði ... sem hefur ekki verið uppgötvað“. Gistihúsa eigandi á Norðurlandi sagði:

...fólk er að koma hingað til að fara í lítt snortna náttúru og fólk kemur hingað til að skoða fossana. Þessi virkjunarkostur... þessi herna A þá ertu náttúrulega búinn að eyðileggja fossana sem fólk er að koma að skoða sko.

Þeir sem voru með hestaferðir um svæðið höfðu áhyggjur af umræddum virkjunarhugmyndum í Skjálfandafljóti. Einn þeirra á Norðurlandi sagði: „ég atla nú ekki að vera einhver algjör náttúrufasisti en þetta myndi rústa fyrir okkur businessnum sko“ Hann sagði jafnframt: „[Virkjun] spillir þessu svæði náttúrulega alveg gríðarlega fyrir þessa upplifun... þegar við komum hérna með áningu hérna við Kíðagilið þá... við tjöldum gjarnan þar sko og þar ertu bara einn í heiminum sko... ha!“. Aðili á Norðurlandi talaði um mikilvægi orðsporsins sem búið er að byggja upp og hann taldi að með framkvæmdum geti það orðspor skaðast.

...við seljum ofsalega mikið út á orðsporið og maður á mann, það sem einn ferðamaður sagði öðrum... og ég veit ekki hvað gerist ef fólk hættir að segja... hættir að gera það... hvað þýðir það fyrir okkur þannig að ég hef áhyggjur af því að þetta muni... að þessi Sprengisandsferð [hestaferð] okkar verði þá bara eins og allar hinar sko sem eru svo sem frábærar líka en ekki með þessa einstöku nálgun með algjörlega óspilltri náttúru

Nokkrir viðmælendur töluðu um áhrif virkjananna á ímynd landsins, sérstaklega hálendisins. Aðili á höfuðborgarsvæðinu sem er með hestaferðir um svæðið benti á virði ósnortinna svæða til framtíðar: „Ég held að það er eitthvað sem að verður verðmætara og verðmætara fyrir okkur að eiga það eru ósnortin svæði“.

Margir viðmælenda töldu að virkjunarmannvirki og þá sérstaklega raflínur gætu skaðað ferðabjónustuna á svæðinu. Ferðabjónustuaðili og leiðsögumaður á Norðurlandi sagði: „Þeir sem eru að fara með mér eru að þrá svæði þar sem sjást ekki mannvirki eða eitthvað man-made í landslaginu“. Hann sagði jafnframt: „Ef það verður mannvirki þarna upp frá þá er Aldeyjarfoss sem slíkur kannski ekki svo mikið aðdráttarafl ef það er eitthvað svona rask í umhverfinu. Raflínur og mannvirki sko“. Annar aðili á Norðurlandi sem er með jeppaferðir um svæðið sagði:

...að sjálfsgöðu myndi það hafa áhrif á upplifunina ef það væri komin virkjun þarna inn á þetta svæði með sínum línunum og drasli sem því fylgja... þetta er svo lítið manngert svæði...línu mannvirki hafa náttúrulega gríðarleg áhrif en ef þau eru sett í jörðu er hægt að komast hjá þeim að mestu...

Vöð yfir ár eru einnig mikilvæg fyrir jeppaferðamennsku og stór hluti af upplifun þeirra sem fara í þessar ferðir. Norðlendingurinn hélt áfram: „svo er annað sem fer með þessari virkjun... það er vað yfir ánna þarna... fyrir okkur sem erum svona á súper jeppum... það líka bara að keyra yfir jökulá, það er mikil upplifun sko“.

Viðmælendur voru sammála um að mikilvægast væri að vernda Aldeyjarfoss. Ferðabjónustuaðili frá Akureyri sagði: „Varðandi rennsli í Aldeyjarfoss... hann þarf bara að vera eins og

hann er! Hann yrði ekki svipur hjá sjón“. Ferðabjónustuaðili á Norðurlandi sem sérhæfir sig í hópferðum sagði. „*Sko Aldeyjarkanalinn er einn aðalstoppistaðurinn við Sprengisandsleiðina sko þannig að ég hér, myndi ekki vilja sjá þetta... ekki sjá breytingu á Aldeyjafossi sko“.* Aðili á Norðurlandi sem er með hópferðir um svæðið var jákvæðari gagnvart virkjununum: „*Ef maður horfir bara kalt á hlutina þá þurfum við virkjanir á Norðurlandið... auðvitað erum við þá kominn svolítið í mótsögn við sjálf okkur eða ég í þessu tilfelli“.* Hann taldi að ferðabjónustan gæti alveg dafnað með þeim útfærslum af Hrafnabjargavirkjun sem hlífa Aldeyjarfossi og sagði: „*þú ert kominn með tvo fossa í sömu ánni Godafoss og Aldeyjarfoss það er bara orðið gott, svona almennt séð en auðvitað tilfínningalega fyrir fólk... sem fer um svæðið og okkur sjálf það er náttúrulega allt önnur Ella“.* Fæstir viðmælendur eru þó sammála þessu viðhorfi og höfðu áhyggjur af öðrum útgáfum virkjananna þó svo að Aldeyjarfossi væri hlíft. Ferðabjónustuaðili á Norðurlandi sagði:

Í fyrsta lagi held ég að þetta muni rýra trúverðugleikann.... það að vatnið fari í gegnum eitthvað áður en það fer í fossinn, eða sú staðreynd að það sé hægt að skrúfa fyrir hann, rýrir trúverðugleikann töluvert mikið. Þetta mun draga verulega úr áhuga okkar á að nýta okkur slík náttúrufrýrbæri. Ég er ekki hliðhollur þessu út frá mínum sjónarmiðum og okkar gesta.

Annar aðili á Norðurlandi með sérhæfingu í jeppaferðum talaði um mikilvægi fossanna fyrir ljósmyndara og þar að leiðandi landkynningu.

...sko fyrir ljósmyndara... þá er það held ég algjör eyðilegging á fossunum því að... og við þurfum að vera þarna á ákveðnum tímum s.s. sólarupprás og sólarlag og ég er nokkuð viss um að það er ekkert hægt að panta það að það sé hleypt á fossinn bara fyrir okkur... ef menn eru að hemja rennslið í fossinn og stjórna því þá verður þetta ekki... eins villt, það er að segja þeir eru aftur á móti síbreytilegir þessir fossar... eftir veðurfari og vatnsmagni... þannig að já ég tel þetta vera eyðileggingu á þessu svæði. Hrafnabjargarfoss höfum við verið að kynna fyrir fólki undanfarnir ár... þetta er mjög skemmtileg gönguleið og hún yrði bara úti. Það myndi draga verulega úr aðdráttarafl þessa svæðis.

Ferðabjónustuaðili á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í gönguferðum sagði að ef fossarnir hverfa. „*Já ég myndi segja að það yrði ekkert labbað þarna... við myndum alltaf keyra hérna í gegn því Sprengisandsvegur gengur þarna í gegn. Þannig að, við myndum bara kannski ekki stoppa lengur“.* Annar aðili á Norðurlandi sem fer með hópferðamenn um svæðið telur ekki nóg að hlífa Aldeyjarfossi: „*Hann mun hætta að vera stoppistaður hjá okkur. Sérstaklega ímyndarlega séð. Eins fagur og Aldeyjarfoss er þá mun hann ekki komast mjög ofarlega hjá okkur sem stoppistaður“.*

Aðili sem rekur gistibjónustu á svæðinu talaði um neikvæð áhrif á veiðar ef Hrafnagilsvirkjanir A og B yrðu að veruleika þar sem vatnsmagn myndi minnka mikið í Svartá. „...*hugmyndin að taka Svartá út. Það er nú alveg glatað sko. Þá missum við veiðiana líka.“*

Ferðabjónustuaðili á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í náttúruferðamennsku sagði: „...*þessi Fljótshnúksvirkjun er á vondum stað í mínum huga“.* Um þetta voru reyndar skiptar skoðanir meðal ferðabjónustuaðila og ýmsir viðmælenda töldu að Fljótshnúksvirkjun hefði minni áhrif á starfsemi þeirra en Hrafnabjargavirkjun. Aðili í gistirekstri á Norðurlandi sagði: „*Já Fljótshnúksvirkjun hún held ég hafi alveg sáralítill áhrif“.* Annar aðili í gistirekstri var þessu sammála:

„Fljótshnjúksvirkjun... ég held að það hefði minni áhrif... miklu minni áhrif. Hann sagði jafnframt: „... ef maður þarf að reyna að sjá eitthvað jákvætt þá myndi maður frekar vilja þessa virkjun [Fljótshnjúksvirkjun] heldur en þessa [Hrafnabjargavirkjun]“.

Aðili á Norðurlandi sem er með skálarekstur og jeppaferðir sagði Fljótshnjúksvirkjun aftur á móti muni hafa mikil áhrif á hans rekstur: „Við eigum skála hérna uppi við Réttartorfu og ég var nú einn af svona hvatamönnunum með því að hann yrði byggður... nú og það mun ekki, þetta uppistöðulón mun náttúrulega skemma það alveg“. Ferðapjónustuaðili af höfuðborgarsvæðinu sem er með gönguferðir um svæðið tók undir þetta:

...að eyðileggja sko tilvonandi bara frábært útivistarsvæði þú veist... sem hefur ekki verið uppgötvað...allavega myndi ég ekki skipuleggja ferðir þarna fram og það er bara ekki hægt, þetta er undir svæðinu sem ég er að ganga og þetta yrði bara svo mikið iðnaðarsvæði og bara algjörlega ó-interessant og þar fyrir utan þá erum við með... er þetta ekki Trölladyngja... og þú veist þetta er bara einhver svona heild ... já þetta er bara mögnuð heild verð ég að segja...

Aðili á Norðurlandi sem fer með hópferðir um svæðið var jákvæðari gagnvart virkjununum almennt en benti á mikilvægi þess að huga að hönnun og að framkvæmdir falli vel að landslagi til að draga sem mest úr sjónrænum áhrifum mannvirkjana:

...þá erum við komin inn á nálægðina við Aldeyjarfoss og nálægð við kannski svona tækifæri... þá snýst þetta um að mögulega losna við einhverjar línur... hann sagði jafnframt...sko hvar koma raflínur, hvar kemur stóra virkjunin og hvernig er hún hönnuð og svoléiðis... hvar liggja þau sjónrænu áhrif með ferðaleiðirnar... ef þetta myndi þýða að það kæmu viðbótar spennuvirki frá segjum Hrafnabjörgum eða... já í gegnum Mývatnssveit þá náttúrulega fara kannski einhverjir svona að sperra cyrun sko...

Nokkrir viðmælendur töldu að virkjun á svæðinu myndi ekki hafa áhrif á ferðapjónustuna svo framarlega sem Aldeyjarfossi yrði hlíft. Ferðapjónustuaðili á Norðurlandi sem er með hópferðir sagði:

Ég sé ekki að virkjun í Skjálfandafljóti hafi... neikvæð áhrif... auðvitað fer einhver hluti af giljunum eða fljótinu undir vatn en þetta er svo... ónumið sem ferðamannasvæði að ég sé ekki að það sé eitthvað sem við myndum hreinlega sjá eftir. Þannig að heilt yfir svo ég dragi þetta svolítið saman þá snýst þetta dálítið um Aldeyjarfoss held ég. Ég held að punkturinn þar snúist um að halda Aldeyjarfossi sem næst óbreyttum ég held að það sé svona svolítið lykillinn í þessari umræðu

Sami aðili sá tækifæri við virkjunarframkvæmdir á svæðinu og með lagningu nýs vegar yfir Spengisand sem myndi hafa jákvæð áhrif á starfsemi: „...en þessu [raflínur] fylgir væntanlega vegur og það opnar t.d. algjörlega ný tækifæri til að miðla kúnnnum eftir veðurfari, að geta skroppið suður á land“. Rekstaraðili gistipjónustu á Norðurlandi taldi einnig að virkjanirnar hefðu lítil áhrif á hans starfsemi en hann lýsti áhyggjum af öðrum aðilum sem eru staðsettir nær tilvonandi virkjanasvæði. „Það myndi ekki hafa nein áhrif sko... ja það er náttúrulega bara einum fossi færra... en það yrði náttúrulega viss eftirsjá í þeim sko þrátt fyrir það. Það hefði miklu meiri áhrif fram í dal sko“. Annar ferðapjónustuaðili á Norðurlandi sem sérhæfir sig í hópferðum sagði. „Það hefði engin áhrif á okkur... fólk er ekkert endilega að koma... það battir ekkert að koma þrátt fyrir einhverja virkjun

4.4 Framtíðarmöguleikar svæðisins

Lang flestir ferðapjónustuaðilar töldu fjölmörg tækifæri vannýtt á svæðinu og að mikil verðmæti væru þar að finna fyrir frekari þróun ferðapjónustu á Norðurlandi til framtíðar. Aðili í gistirekstri á svæðinu sagði: „*þetta er ekki mikið markaðssett... auðvitað væri hægt að gera það miklu meira sko*“ hann sagði jafnframt að hægt væri að bjóða upp á meiri þjónustu en nú er. „*Já þjónustu og ferðir á þetta sko, það er ábyggilega engin spurning*“. Ferðaskipuleggjandi á Norðurlandi sagði. „*Það myndi þróast fyrir dýrari gesti, það myndi þróast fyrir þá gesti sem eru að sækjast ýmist eftir akkurat þessu eða sækjast eftir að komast í ákveðna einangrun...*

Margir bentu á að ferðamennskan á Suðurlandi væri búin að ná þolmörkum sínum og þá gæti Norðurlandið tekið við auknum fjölda ferðamanna:

... Ég held að hún [ferðamennskan] muni aukast ár frá ári, ég er alveg sannfærður um það. Og þegar fer að þrengja meira að, eins og, hérna, hvað kalla þeir Gullna Hringinn og hérna á Suðurlandinu og tala nú ekki um ef það kemur beint flug á Norðurland. Að þá yrði gríðarleg aukning á þessari leið.

Ferðapjónustuaðili á Norðurlandi sem fer með hópaferðir um svæðið taldi einnig að svæðið gæti tekið á móti mun fleirum:

...það hefur oft verið talað um að það ætti að nota það miklu meira fyrir ferðafólk kannski í framtíðinni þegar við verðum komin með of marga, það verða of margir sem koma að skoða Goðafoss. ...ef við förum með fólk t.d. þessi hringur að kíkja á bæði Aldeyjarfoss og Goðafoss þá er það yfirleitt Aldeyjarfoss sem situr frekar eftir hjá fólki af því að hann er meira remote.

Misjafn er í hverju viðmælendurnir sáu helst sóknarfærin. Gistihúsa eigandi taldi sóknarfæri fyrir framtíðarþróun svæðisins felast í að byggja upp fleiri gistimöguleika á svæðinu. „*Það gæti vel verið að einhver myndi hugsa sér að setja einhver lítill lúxushótel... ekki stór hótel, við erum kannski að tala, sem getur hýst 40 manns*“.

Margir sáu mikla möguleika á að nýta svæðið í framtíðinni fyrir göngufólk, bæði styttri sem lengri ferðir. Gönguleiðin meðfram Skjálfandafljóti var nefnd sem ónýtt auðlind og þar mætti bæta við ferðum án þess að það hefði áhrif á upplifun þeirra ferðamanna sem eru þar fyrir. Ferðapjónustuaðili á Norðurlandi með sérferðir sagði:

Þetta er svæði [Hrafnabjörg og Hrafnabjargafoss] sem er hægt... að nýta miklu miklu betur. Og sérstaklega vera með skipulagðar gönguferðir s.s. austan frá. ... Af því að... við erum komin með of marga á öðrum stöðum hérna eins og Mývatnssvæðinu sko þannig við þurfum að fara að dreifa þessu yfir á þarna sko... Ég sé sóknarfæri virkilega á þessu svæði.

Ferðapjónustuaðili á höfuðborgarsvæðinu talaði um að svæðið hentaði vel til lengri gönguferða. Hann sá fyrir sér að leiðin frá Aldeyjarfossi að Nýjadal gæti orðið sambærileg og Laugavegurinn að Fjallabaki:

Ef það er ekki farið út í þetta [virkjanirnar] þá held ég að það mætti bara byrja strax að byggja upp þarna... þetta er ekki eins viðkvæmt svæði... þetta myndi þola kannski aðeins meiri ferðapjónustu og það væri hægt að byggja þarna upp skála og búa til ótrúlega fallega leið sem að bara byrjar við Aldeyjarfoss að austanverðu og alla leið inn í Nýjadal. Það væri þá þjónusta í

kring um það og þetta er mjög aðgengilegt miðað við þær leiðir sem eru nú þegar þarna inn frá með infratrúktúr sem er nú þegar á svæðinu... það væri bara hægt að gera göngubrú, ég held að með tiltölulega litlum tilkostnaði þá væri hægt að gera, bara búa til nýtt.. bara nýjan Laugaveg, skilur þú, þetta er allt öðruvísi, hefur allt annan sjarma

Sami aðili sagði jafnframt. „*núna vill fólk uppgötva sjálft, fara inn á svona falda staði, uppgötva eitthvað nýtt, fara... já þannig að það eru aðrar kröfur, það eru kröfur um einmitt þessi svæði, í rauninni takest á miklir hagsmunir*“.

Sú staðreynd að svæðið er ósnortið og hluti af víðernum er einnig mikilvægt en ferðapjónustuaðili á Norðurlandi sem er með hestaferðir um svæðið sagði: „*Þú heyrir ekki nema bara í fugli eða vindi, þetta kunna þeir að meta sko. Og það er svona auðlind sem við eigum að gera meiri út á segi ég*“. Aðili á höfuðborgarsvæðinu með hestaferðir um svæðið tók undir þetta: „*Ferðamaðurinn er sko yfir höfuð enginn vitleysingur, og við höfum náttúrulega selt Ísland fyrst og fremst sem náttúruperadís og við þurfum að geta staðið við það að einhverju leyti*“. Ferðapjónustuaðili sem er með hópferðir um svæðið sagði:

Ef við tölum um skynsamlega notkun þá hafa nú hagfræðingar verið að reyna að setja niður einhverjar fabúlur um verðmæti ósnortins lands sko... ég held að það verði ekki ofmetið sko hvað þetta ósnortna víðerni inni á hálendi.. er okkur verðmætt og á eftir að vera verðmætt í framtíðinni... og ef við ætlum að fara í Aldeyjarfoss sko hérna megin sko þú veist þá er þetta eiginlega svona inni króað þetta sko litla hálendi sem er eftir ósnert sko

Ferðaskipuleggjandi á Norðurlandi sem er með jeppaferðir um svæðið sagði svæðið mikilvægt fyrir jeppaferðamennsku til framtíðar:

...Við megum ekki alveg taka það út af markaðnum, þeir verða einhvers staðar að vera annars staðar en bara á jöklum. Ekki viljum við að þeir fari að keyra utanveggar?... en þá er gott að eiga ákveðna slóða sem hægt er að keyra.

5 Niðurstöður

Meirihluti ferðamanna við Aldeyjarfoss er erlendir ferðamenn og eru flestir að koma þangað í fyrsta skiptið. Flestir eru á ferð með fjölskyldu og vinum en einnig er algengt að ferðamenn séu þar í skipulagðri hópferð og koma þangað á bílaleigubíl eða hópferðabíl. Flestir sem þar koma við eru á leið um Sprengisandsleið og dvelja í stuttan tíma við fossinn. Svæðið er þó einnig nýtt til gönguferða upp með fljótinu þar sem aðrir fossar eru hluti af aðdráttaraflinu auk þess að jeppaferðir og hestaferðir eru farnar um svæðið. Ferðamenn eru ýmist að fara eða koma að norðan, þ.e. Akureyri, Mývatnssveit eða Þingeyjarsveit eða á leið um Sprengisand.

Ferðamenn eru almennt mjög ánægðir með náttúruna og heimsókn sína á svæðið. Aldeyjarfoss er megin aðdráttarafl svæðisins en einnig Hrafnabjargafoss og Ingvararfoss sem og Skjálfandafljótíð sjálft. Nálægðin við hálendið og tenging þess við Sprengisandsleið skiptir einnig máli. Mikill meirihluti ferðamanna kemur á svæðið til að upplifa ósnortin víðerni og telja það stórann hluta að aðdráttarafl svæðisins. Ferðamenn upplifa svæðið jafnframt sem fallegt, áhrifamikið og kyrrt en fyrst og fremst mjög náttúrulegt – það náttúrulegt að langflestir telja að víðerni séu hluti af aðdráttarafl þess. Fámenni er einnig mikilvægur eiginleiki að mati ferðaðþjónustuaðila og vilja flestir að halda innviðum áfram í lágmarki. Ýmsir voru þó á þeirri skoðun að það mætti vel bæta Sprengisandsleið eitthvað og salernisaðstaða mætti vera betri. Ferðamenn telja öll meiriháttar mannvirki óæskileg á svæðunum fyrir utan fjallaskála, salerni, tjaldsvæði og malarvegi. Um helmingur ferðamanna telur að mannvirki sem ekki sést í myndi hafa áhrif á upplifun þeirra á ósnortnum víðernum á svæðinu.

Ferðamenn við Aldeyjarfoss eru almennt neikvæðir gagnvart uppbyggingu orkumannvirkja á svæðinu. Viðhorf eru neikvæðust gagnvart Hrafnabjargavirkjun A en einnig mjög neikvæð gagnvart Hrafnabjargavirkjun B og C. Viðhorfin eru neikvæð en þó síður gagnvart Fljótshnjúksvirkjun. Ferðaðþjónustuaðilar eru flestir á sömu skoðun og töldu fjölmörg ónýtt tækifæri fyrir ferðaðþjónustuna til framtíðar.

Svæðið er mikils virði fyrir ferðaðþjónustuna á öllu landinu en skiptir eðlilega mestu máli fyrir ferðaðþjónustufyrirtækni í nágrenni fyrirhugaðra virkjunarsvæða sem gera út á viðkomandi svæði. Álag á vinsælustu áfangastaði á Suður- og Suðvesturlandi er orðið mikið og eru vinsælustu staðirnir að verða afar þétt setnir. Því er mikilvægt fyrir ferðaðþjónustuna og áframhaldandi vöxt hennar að svæði verði tiltæk til að taka við og þola vaxandi fjölda ferðamanna og þeim markhópi sem forðast fjölmennið. Í því samhengi skiptir svæðið í kringum Skjálfandafljót miklu máli og á verðmæti svæðisins fyrir ferðaðþjónustuna eftir að aukast enn frekar þegar til framtíðar er litið.

6 Heimildir

- Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2007). Planning nature tourism using the purist scale. Í Helgi Gestsson og Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), *14. Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research* (bls. 12-20). Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Þorkell Stefánsson & Birgitta Stefánsdóttir (2015). *Viðhorf ferðamanna til nokkurra virkjana í 3. áfanga rammaáætlunar*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.
- Castree, N. (2005). *Nature*. London; New York: Routledge.
- Demeritt, D. (2002) What is the 'social construction of nature'? A typology and sympathetic critique. *Progress in Human Geography*, 26(6), pp. 767-790.
- Hall, C.M. & Page, S.J. (2014) *The Geography of Tourism and Recreation: Environment, Place and Space*. Abingdon, Oxon: Routledge.
- Hammersley, M. og Trainou, A. (2012). *Ethics in Qualitative Research*. London: SAGE
- Orkustofnun (2015a). *Virjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar*. Erla Björk Þorgeirsdóttir, Kristinn Einarsson, Skúli Thoroddsen, Linda Georgsdóttir, Jónas Ketilsson og María Guðmundsdóttir. R3110A Hrafnabjargavirkjun A, *Víðauki 11 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS 2015/02*. Sjá: <http://www.os.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-02-Vidauki-11.pdf>
- Orkustofnun (2015b). *Virjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar*. Erla Björk Þorgeirsdóttir, Kristinn Einarsson, Skúli Thoroddsen, Linda Georgsdóttir, Jónas Ketilsson og María Guðmundsdóttir. R3110B Hrafnabjargavirkjun B, *Víðauki 12 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS 2015/04*. Sjá: <http://os.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-04-Vidauki-12.pdf>
- Orkustofnun (2015c). *Virjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar*. Erla Björk Þorgeirsdóttir, Kristinn Einarsson, Skúli Thoroddsen, Linda Georgsdóttir, Jónas Ketilsson og María Guðmundsdóttir. R3110C Hrafnabjargavirkjun C, *Víðauki 13 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS 2015/04*. Sjá: <http://os.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-04-Vidauki-13.pdf>
- Orkustofnun (2015d). *Virjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar*. Erla Björk Þorgeirsdóttir, Kristinn Einarsson, Skúli Thoroddsen, Linda Georgsdóttir, Jónas Ketilsson og María Guðmundsdóttir. R3109A Fljóthnjúksvirkjun, *Víðauki 10 af 92 við skýrslu Orkustofnunar OS 2015/04*. Sjá: <http://os.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-04-Vidauki-10.pdf>
- Punch, K.P. (2014). *Introduction to Social Research, Quantitative & Qualitative approaches*. London: SAGE.
- Stankey, G. H. (1973). Visitor perception of wilderness recreation carrying capacity (USDA Forest Service Research Paper INT-142. bindi). Ogden, Utah: Intermountain Forest & Range Experiment Station, Forest Service, U.S. Dept. of Agriculture.

Viðauki

Spurningalisti og fylgigögn spurningakönnunarinnar



Könnun meðal ferðamanna við Skjálfandafliót

Könnun þessi er liður í rannsókn á áhrifum fjöðra vatnaflóðavirkjananna í Skjálfandaflióti (Trafalgarvirðjanir A, B og C og Fjöðruglúðavirkjanir) á ferðamannsku á svæðinu (gá meðfylgjandi kort og ljósmynd). Virðisfiliót er umið á vegum Háskóla Íslands vegna Rannsóknarinnar (Aðrir um veldi og orkuskipti landsvæðis). Það tekur um 10-15 mínútur að svara þessari könnun.

Þakka þér kærlega fyrir þátttöku!

1. Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið á meðfylgjandi korti?

	mjög óánægð(ur)	frekar hvorki né	mjög ánægð(ur)
1 Náttúrulegt	☐ 1	☐ 2	☐ 3
2 Kyrt	☐ 1	☐ 2	☐ 3
3 Óþægilegt	☐ 1	☐ 2	☐ 3
4 Falllegt	☐ 1	☐ 2	☐ 3
5 Áhrifamikill	☐ 1	☐ 2	☐ 3

2. Hvað heitlar þig við svæðið? _____

3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi:

	mjög óánægð(ur)	hvorki né	mjög ánægð(ur)
1 Dvölina á svæðinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3
2 Náttúru svæðisins	☐ 1	☐ 2	☐ 3

4. Hvað gerðir þú/ ætlar þú að gera á meðan dvöl þinni stendur?
Víðanlega merktu fléttu en eiga aðild af við á

☐ 1 Gönguferð _____ klst	☐ 6 Víða
☐ 2 Hestaferð	☐ 7 Flúðasigling
☐ 3 Ökuferð	☐ 8 Baða mig í heitri laug
☐ 4 Skoða fugla	☐ 9 Skoða jarðfræðifyrirkenn
☐ 5 Skoða plöntur	☐ 10 Annað: _____

5. Var eitthvað sem þú komst til að sjá/ gera öðru fremur?

☐ 1 Já, hvað? _____ ☐ 2 Nei

6. Ert þú á leið um Sprengisand (F26)? ☐ 1 Já ☐ 2 Nei

7. Hvað dvelur/dvaldir þú lengi á svæðinu?

_____ mín. _____ klst. _____ netur

8. Hefur þú ferðast áður um þetta svæði? ☐ 1 Já, hve oft? _____ ☐ 2 Nei

9. Hversu áskilegt eða óáskilegt þú telur vera að bresta vegi á þessum slóðum?
mjög frekar áskilegt hlutlaus frekar óáskilegt óáskilegt

☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
----------------------------	----------------------------	----------------------------	----------------------------	----------------------------

10. Hversu mikilvæg eru eftirfarandi atriði fyrir þig á ferðalagi þínu um svæðið?

	alla ekki mikilvægt	ekki mikilvægt	hvorki mikilvægt né	mjög mikilvægt
1 Merktar gönguleiðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
2 Lagðir göngustígar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
3 Göngubrýr	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
4 Að hætta sé að njóta kyrrðar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
5 Að hætta sé að upplifa óraskaða náttúru	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
6 Áningarstaðir (bekkir og borð)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
7 Að það séu fáir aðrir ferðamenn	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
8 Að ekki sjást ummerki um utanvegagakstur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
9 Að geta gengið án þess að sjá mannvirki (ömur en fjallaskála)	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
10 Að ekki sjást ummerki eftir aðra ferðamenn	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
11 Að skoðunarverðir staðir séu meðkir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
12 Skipulagð tjalðsvæði	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
13 Að mega tjakla hvar sem er innan svæðisins	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
14 Að geta tjaldað þar sem þú verður ekki var við aðra	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4
15 Að verða ekki fyrir ónaði af flugumferð	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4

11. Finnst þér víðerni/ósmortin náttúra vera hluti af aðdráttarafi svæðisins?

☐ 1 Já ☐ 2 Nei ☐ 3 Enga skoðun

12. Komstu á þetta svæði til að upplifa víðerni/ósmortna náttúru?

☐ 1 Já ☐ 2 Nei ☐ 3 Enga skoðun

13. Hafa nálegir mannvirki, sem þú veist af en sést ekki, áhrif á upplifun þína á víðernum/ósmortinni náttúru?

engin	lítil	eins hver	frekar lítil	mjög lítil	engar skoðun
☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 6

14. Hversu sammála/ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

	mjög ósammála	ósammála	hlutlaus	sammála	mjög sammála
1 Ég kem á staði eins og þennan til þess að komast í burtu frá daglegu amstri og leggja áhyggjumar til hliðar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

2 Ég kem á staði eins og þennan til þess að geta hylt mig og endumart („hlaðið batterín“)

15. Hvern eftirlitna fossa ætlar þú að skoða í þessari ferð?

☐ 1 Aldeyarfoss ☐ 2 Hrafnabjargfoss ☐ 3 Ingvarfoss ☐ 4 Ullarfoss ☐ 5 Engan

16. Hvað má vera til staðar af neðangreindu án þess að hugtakið víðerni/ónortin náttúra glái merkingu sinni? *Vinsamlega merkið við fjóra en átíttíð af við á*

- ☐1 Elskert ☐8 Rafnlur
- ☐2 Fjallaskálar ☐9 Fjarskiptamóstur
- ☐3 Hótel ☐10 Virkjanir
- ☐4 Vegir ☐11 Miðlunadón
- ☐5 Vegslóðar ☐12 Vindmyllur
- ☐6 Girðingar ☐13 Lagðir göngustígar
- ☐7 Þjónustumstöðvar ☐14 Stugar myndadrif af umferð manna og dýra

17. Hvaða áhrif myndu eftirlit virkjunarmannvirki hafa á áhuga þinn á því að ferðast um svæðið?

	mjög neikvæð	frekar neikvæð	engin áhrif	frekar jákvæð	mjög jákvæð	engin áhrif
1 Hrafnabjargavirkjun A	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
2 Hrafnabjargavirkjun B	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
3 Hrafnabjargavirkjun C	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
4 Miðlunadón v. Hrafnabjargavirkjunar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
5 Fljóthljúkavirkjun	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
6 Miðlunadón v. Fljóthljúkavirkjunar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
7 Rafnlur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0

18. Lýstu nálar áhrifunum sem fyrrnefnd virkjunarmannvirki hefðu á áhuga þinn á

því að ferðast um svæðið

19. Hversu jákvætt eða neikvætt viðhorf þitt er til eftirfarandi:

	mjög neikvætt	frekar neikvætt	hvorki né	frekar jákvætt	mjög jákvætt
1 Frekan uppbyggingar vatnsaflsvirkjana á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
2 Frekan uppbyggingar vatnsaflsvirkjana á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
3 Jarðvarmavirkjana á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
4 Frekan uppbyggingar jarðvarma- virkjana á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
5 Vindmylla á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
6 Vindmylla á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
7 Uppistöðulóna á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
8 Uppistöðulóna á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
9 Frekan lagningar rafliða á hálendinu	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5
10 Frekan lagningar rafliða á láglandi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5

20. Hvað finnst þér um eftirlitinn mannvirki á svæðinu?

	mjög ónesklæg	frekar ónesklæg	ásættan- leg	frekar ásæklæg	mjög ásæklæg	veit ekki
1 Úppbygging malarvegjar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
2 Úppbygging malarvegjar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
3 Vegir með bundnu slagi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
4 Hellsisvegjar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
5 Akbrýr á vatnsföllum	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
6 Vatnsaflsvirkjanir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
7 Jarðvarmavirkjanir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
8 Uppistöðulón	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
9 Rafnlur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
10 Vindmyllur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
11 Hótel	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
12 Fjallaskálar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
13 Tjaldsteði	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
14 Væslanir/vælingastaðir	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
15 Bensinstöðvar	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
16 Salemi	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
17 Matsala	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
18 Gestastofa	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0
19 Fjarskiptamóstur	☐ 1	☐ 2	☐ 3	☐ 4	☐ 5	☐ 0

21. Kyn ☐1 Kona ☐2 Kar ☐3 Öð. Aldur: _____ ár

23. Hvar býrðu (póstnúmer)? _____

24. Hvar muntu gista næstu nótt? _____

25. Hvar gistir þú síðustu nótt? _____

26. Með hverjum ferðast þú? *Vinsamlega merkið við alla kosti sem eiga við*

- ☐1 Ein/n á ferð ☐2 Með fjölskyldunni
- ☐3 Ættingjum/vinum ☐4 Í skipulagðri hópferð
- ☐5 Vinu-/Klabbfélögum ☐6 Öðrum, hverjum?
27. Hvernig ferðast þú? *Vinsamlega merkið við alla kosti sem eiga við*
- ☐1 Á eigin bíl ☐2 Á bílaeigubíl ☐3 Í hópferðabíl
- ☐4 Á mótorhjól ☐5 Hjólandi ☐6 Gangandi
- ☐7 Ríðandi ☐8 Öðruvísi, hvernig? _____

28. Við hvað starfar þú?

- ☐1 Nemandi ☐2 Skrifstofu-/Þjónustustörf
- ☐3 Ófaglærð/ur ☐4 Eftirlaunabegi
- ☐5 Stjórnunarstörf ☐6 Sérhæft tækni- og iðnaðarstörf
- ☐7 Heimavinandi ☐8 Sérfræðingur (læknir, lögfræðingur, kennari, o.s.frv.)
- ☐9 Annad: _____

Hrafnabjargavirkjun (vatnsaflsvirkjun; A: 88,5 MW; B: 50 MW; C: 36,5 MW)

Lýsing: Fyrirhuguð Hrafnabjargavirkjun gengur út á að virkja Skjálfandafljót við Hrafnabjörg. Þrjár útfærslur virkjunarinnar (A, B og C) eru til skoðunar.

	Aldeyjarfoss	Hrafnabjargafoss	Ingvararfoss	Ullarfoss í Svartá
				
A (88,5 MW)	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn minnkar verulega.
B (50 MW)	Vatnsmagn helst óbreytt.	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn minnkar verulega.
C (36,5 MW)	Vatnsmagn helst óbreytt.	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn minnkar verulega.	Vatnsmagn helst óbreytt. Ekki áhrif á veiði í Svartá

Stöðvarhús og önnur mannvirki: Staðsetning stöðvarahúsa er mismunandi eftir tillögum en öllum tilfellum eru þau neðanjarðar. Í tillögu A er stöðvarhúsið staðsett vestan við Hádegisfjall (**I**) en í tillögum B og C er það staðsett austan við fjallið (**II**).

Stíflur: Í öllum kostunum er gert ráð fyrir að stífla Skjálfandafljót við Hrafnabjörg (**III**) (39 m há og 1000 m löng stífla). Í kostum A og B yrði Suðurá einnig stífluð (**IV**) (5 m há 500 m löng) og vatni veitt um 2,5 km langan skurð í lónið.

Lónsstæði: Miðlunarlón væri ofan við Hrafnabjörg og yrði stærð þess 26,8 km² í hæstu stöðu og 3 km² í lægstu stöðu. Gert er ráð fyrir að vatnsborðssveiflan yrði um 19 m og á vorin þegar lægst er í lóninu yrðu um 23,8 km² af lónsstæðinu þaktir jökulleir. Úr lóninu yrði vatni veitt í aðrennslisgöngum (4 km) að neðanjarðarstöðvarhúsi við Hádegisfjall.

Tenging við raforkukerfið: Tenging við raforkukerfið yrði með 22-24 km langri háspennulínu norður að byggðalínu, en nánari staðsetning er ekki þekkt.

Vegaframkvæmdir: Leggja þyrfti nýjan veg austan lónsins þar sem núverandi vegur færi undir vatn. Þá yrði byggð brú yfir Suðurráreitungarveg (**IV**) og vegur lagður meðfram skurðinum.

Fljótshnjúksvirkjun (vatnsaflsvirkjun 58 MW)

Lýsing: Fyrirhuguð Fljótshnjúksvirkjun gengur út á að virkja Skjálfandafljót við Fljótshaga.

Stöðvarhús og önnur mannvirki: Stöðvarhús yrði neðanjarðar við Syðri-Múla (V) og vatn leitt þangað í 18 km göngum frá miðlunarlóni við Syðra-Fljótsgil (VI).

Lónsstæði: Tvö miðlunarlón yrðu gerð: Annað, Fljótshagalón við Fljótshaga (VII), yrði 11,4 km² í hæstu stöðu og um 0,4 km² í lægstu stöðu. Gert er ráð fyrir að vatnsborðssveiflan verði um 22 m og á vorin þegar lægst er í lóninu yrðu um 11 km² af lónsstæðinu þaktir jökulleir. Hitt, Stóruflæðalón við Syðra-Fljótsgil (VI), yrði 6,8 km² í hæstu stöðu og um 1,7 km² í lægstu stöðu. Gert er ráð fyrir að vatnsborðssveifla þess verði um 12 m og á vorin þegar lægst er í lóninu yrðu um 5,1 km² af lónsstæðinu þaktir jökulleir. Einnig yrði tekið inn vatn frá Öxnadalsá og Hrauná (VIII) og þyrfti til þess stíflur, stíflugarða, veituskurði og frárennslisgöng.

Stíflur: Þrjár stíflur yrðu gerðar: Tvær við Fljótshaga (VII) (ein 28 m há og 1000 m löng og hin 11 m há og 1200 m löng) og sú þriðja við Syðra-Fljótsgil (VI) (30 m há og 3300 m löng).

Tenging við raforkukerfið: Gert er ráð fyrir að Hrafnabjargavirkjun hafi verið byggð og að Fljótshnjúksvirkjun tengdist henni með um 34 km langri háspennulínu.

Vegaframkvæmdir: Vegur (IX) yrði lagður frá Sprengisandsleið að stöðvarhúsi og öðrum mannvirkjum og brú gerð yfir Skjálfandafljót.

